

ÁRSSKÝRSLA 2018

# MYNDLISTASKÓLINN

# Í REYKJAVÍK

Myndlistaskólinn í Reykjavík
www.mir.is
www.facebook.com/myndlistaskolinn
Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius
Myndir: Ýmsir
Prentun: GuðjónÓ
Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir
Mynd á annari opnu: Frá vorsýningu skólans 2019. Lokaverkefni nemanda í fornámi.
Kennarar: Guja Dögg Hauksdóttir, Finnur Arnar Arnarson og Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir.
Útgefið í október 2019

## Ávarp skólameistara

Ársskýrslan er óvenjulega umfangsmikil þetta árið vegna breytinga sem gerðar hafa verið á lögum skólans. Okkur skýrsluhöfundum til mikillar gleði munu komandi ársskýrslur fjalla um skólaár en ekki almanaksár en það einfaldar okkar vinnu til muna. Lotur í skólastarfi standa frá hausti til vors og samhengið sem næst með því að líta á skólaár er mun eðliegra en þegar almanaksár eru skoðuð. Við höfum gert ákveðnar breytingar á greiningu og framsetningu tölfræðilegra upplýsinga, bæði til þess að samanburður geti orðið raunhæfur á næsta ári og til þess að auðveldara verði fyrir alla að öðlast yfirsýn á skólastarfið.

Starfið í skólanum er í ágætu jafnvægi. Aðsókn er nokkuð jöfn og frekar vaxandi en hitt í flestum deildum. Þó verður að viðurkennast að fjárhagslegi ,,balansinn" gæti verið betri en stærsti samningur skólans, þjónustusamningurinn við menntamálaráðuneytið um framhaldsskólastigið (dagskólann og námskeið fyrir fullorðna) er skólanum afskaplega óhagstæður. Skólinn geldur þess að vera ,,litli maðurinn" í samskiptum við ráðuneytið en samningurinn er mjög hagstæður fyrir ríkið sem fær í raun sífellt meiri afslátt af okkar störfum með hverju árinu sem líður. Ástandið er orðið algjörlega ólíðandi og það er eitt af mikilvægustu verkefnum okkar sem erum í forsvari fyrir skólann að fá úr þessu bætt. Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar yfirvalda um mikilvægi verknáms, lista og skapandi greina er samningurinn við Myndlistaskólann í Reykjavík algjörlega einstakur meðal þjónustusamninga ríkisins við einkaskóla. Hvort það er til marks um fordóma gagnvart myndlist sem kennslugrein innan ráðuneytisins skal ekkert fullyrt hér um en engin haldbær skýring hefur í raun fengist á þeirri tilhögun að stór hluti framlaga til skólans séu undanskilin verðtryggingu árum saman. Undirrituð sem hefur hingað til notað starfsheitið skólastjóri hefur nú tekið upp titilinn skólameistari en það er sá titill sem notaður er í lögum um stjórnanda framhaldsskóla. Með því er ætlunin að undirstrika það að skólinn er fullgildur framhaldsskóli og það nám sem þar fer fram er engu ómerkilegra en nám við aðra framhaldsskóla.

Enn höldum við þó áfram. Í haust hóf göngu sína ný braut, myndlistarbraut fyrir nemendur með þroskahömlun. Árin 2015-17 var svipuð braut kennd í tilraunaskyni en þá komu nemendur tvo morgna í viku tvö skólaár í röð. Nýja brautin er kennd alla morgna á einu ári en styrkur er fyrir verkefninu til þriggja ára. Það er skemmst frá því að segja að nemendahópurinn er algjörlega framúrskarandi og mikil ánægja ríkir með þessa viðbót.

Húsnæðismál skólans eru enn til skoðunar. Fátt hefur reyndar breyst frá því á síðasta fundi annað en það að nú er komin hreyfing á lánamál kaupenda en markaðurinn kólnaði niður um tíma í tengslum við ýmsar kollsteypur í ferðamálabransanum. Það er enn verið að vinna á grundvelli tilboðs sem við samþykktum fyrir bráðum tveimur árum. Við erum stundum svolítið þreytt á óvissunni sem fylgir því að vera að velta þessu fyrir sér en það er auðvitað mjög stórt verkefni að flytja heilan myndlistaskóla og í sjálfu sér ekki óeðlilegt að það taki tíma. Við ætlum okkur að gera þetta vel. Við sjáum hvað setur en hér set ég punkt.

Áslaug Thorlacius

EFNISYFIRLIT:

SKÝRSLA STJÓRNAR SJÁLFEIGNARSTOFNUNARINNAR . 6
NÁMSRÁÐGJÖF . . . . . . . . . 10
BÓKASAFN . . . . . . . . . 10
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF . . . . . . . 10
BARNA- OG UNGLINGADEILD . . . . . . 12
NÁMSKEIÐ FYRIR ALMENNING . . . . . 17
SJÓNLISTADEILD . . . . . . . . 21
VIÐBÓTARNÁM . . . . . . . . . 24
MÁLARABRAUT . . . . . . . . 24
KERAMIKBRAUT . . . . . . . . 26
TEIKNIBRAUT . . . . . . . . 29
TEXTÍLBRAUT . . . . . . . . 32
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR . . . . . . 34
BRAUTSKRÁÐIR NEMENDUR . . . . . . 36
STARFSFÓLK OG SKIPURIT . . . . . . 38
FÉLAGATAL . . . . . . . . . 39



# SKÝRSLA STJÓRNAR

Aðalfundur Myndlistaskólans í Reykjavík var haldinn 23. mars 2018. Fundurinn hófst kl. 17:00 á því að Jón B K Ransu sagði frá námsbraut í málaralist en fyrsti nemendahópurinn var þá á lokaönn í námi við deildina. Fundarstjóri var Hildigunnur Birgisdóttir en Margrét Birgisdóttir ritaði fundargerð. Á fundinum var ákveðið að boða til aukaaðalfundar þar sem gerðar yrðu breytingar á lögum félagsins um uppgjörsárið, frá því að fjalla um almanaksár til þess að fjalla um skólaár en það á betur við að skoða skólaárið. Aukaaðalfundur var haldinn 22. mars 2019. Vegna þeirra breytinga sem þar voru gerðar nær þessi skýrsla til þriggja anna í stað tveggja eða hálfs annars árs, frá ársbyrjun 2018 til loka júní 2019.

Að fundinum loknum var stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík óbreytt en Margrét H Blöndal gaf ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík ses. Bjarni Hinriksson bauð sig fram í hennar stað og hlaut stuðning allra fundarmanna. Á fundinum var það áréttað að skv. lögum skólans skulu vera 5 aðalmenn í stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík og 2 til vara. Í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skulu hinsvegar vera 3 aðalmenn og 2 til vara.

Elsa Dóróthea Gísladóttir og Sigríður Melrós Ólafsdóttir hafa um árabil verið skoðunarmenn reikninga. Þar sem Sigríður var ekki á landinu í aðdraganda fundar var leitað álits lögfræðings um hvernig skyldi farið með þann lið. Þá kom í ljós að ekki er þörf á skoðunarmönnum þar sem reikningar sjálfseignarstofnunarinnar eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Erindi félagslegra skoðunarmanna snýr að fjárhag félags Myndlistaskólans sem hefur ekki haft nein fjárhagsleg umsvif. En þar sem ákvæðið er inni féllust þær stöllur á að vera skoðunarmenn enn um sinn.

Eftirtöldum starfsmönnum og kennurum var boðið að ganga í félagið: Björk Viggósdóttir, Charlotta R. Magnúsdóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Erling Klingenberg, Guðbjörg Björnsdóttir, Hanna Dís Whitehead, Heiðar Kári Rannversson, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Helga Björk Ottósdóttir, Svafa Einarsdóttir, Valgarður Gunnarsson og Þuríður Ósk Smáradóttir. Í stjórn félagsins sitja: Elsa Dóróthea Gísladóttir, Eygló Harðardóttir, Haraldur Jónsson, Herdís Ellen Gunnarsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Ólöf Erla Bjarnadóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir.

Í stjórn skólans sitja: Ingibjörg Jóhannsdóttir, formaður, Guðjón Ketilsson og Bjarni Hinriksson en varamenn eru Brynhildur Pálsdóttir og Hildigunnur Birgisdóttir. Stjórn skólafélagsins stóð að vanda fyrir hinu árvissa og vinsæla jólaboði sem að þessu sinni var haldið 14. desember. Stjórn skólans hélt 6 fundi á árinu 2018. Á vorönn 2019 voru fundirnir 3. Það helsta sem var til umræðu voru húsnæðismál, lagabreytingar, samningar við ríki og borg, starfsmannamál, launamál og fjármál almennt.

## ÚTSKRIFTARHÁTÍÐIR Á KJARVALSSTÖÐUM

Þann 24. maí 2018 úkrifuðust 89 nemendur frá Myndlistaskólanum í Reykjavík við hátíðlega athöfn að Kjarvalsstöðum og er það stærsti hópur sem útskrifast hefur frá skólanum frá upphafi. 18 útskrifuðust með stúdentspróf af listnámsbraut, 30 luku fornámi, 6 útskrifuðust af keramikbraut, 10 af málarabraut, 14 af teiknibraut og 11 af textílbraut. Þann 23. maí 2019 útskrifuðust 46 nemendur við athöfn á Kjarvalsstöðum sem fram fór í mikilli veðurblíðu. Að þessu sinnu luku 13 nemendur stúdentsprófi, 30 fornámi og 3 sem eru á keramikbraut.

Skýringin á þeim mikla mun sem er á fjölda útskriftarnemenda milli ára liggur í því að diplómanám við skólann er tveggja ára nám og aðeins einn hópur við nám hverju sinni. Vorið 2018 útskrifuðust nær allir úr öllum hópunum.

## STARFSFÓLK

Í desember 2018 voru í annað sinn haldin starfsmannasamtöl þar sem hver og einn af föstum starfsmönnum skólans áttu klukkustundarspjall við skólastjóra.

Cindy Leplar hefur haldið utan um námskeiðaskóla fyrir fullorðna. Þar sem lengi hefur verið vilji fyrir því að auka hlut óreglulegra námskeiða var á vorönn 2018 ákveðið að ráða Rögnu Fróðadóttur í 20% starf við námskeiðaskólann til viðbótar við sitt hálfa starf. Eftir önnina var tilrauninni hætt. Ragna fékk síðan listamannalaun og tók sér frí frá störfum í tvo mánuði haustið 2018. Magnea Einarsdóttir leysti hana af sem deildarstjóri textíldeildar.

Einar Garibaldi dvaldi í Suður-Frakklandi stærstan hluta vorannar 2019. Þórunn María Jónsdóttir stýrði sjónlistadeildinni frá febrúarlokum fram í miðjan júní.

Ragnhildur Blöndal hætti sem bókasafnsfræðingur skólans sumarið 2018. Í hennar stað var Hjördís Magnúsdóttir ráðin og hóf hún störf um haustið. Hjördís sagði upp starfi sínu um áramótin. Skólinn fékk undanþágu frá menntunarkröfum Miðstöðvar bókasafna þar sem gegnir.is verður lagður niður fljótlega og tekið upp kerfi sem ekki útheimtir jafnmikla sérfræðikunnáttu í bókasafns- og upplýsingarfræðum. Halla Kjartansdóttir íslenskukennari skólans og Karlotta Blöndal myndlistarmaður sem hefur starfað við safnið um árabil tóku að sér að sjá um safnið og hafa gert það með miklum sóma frá því í febrúar 2019.

Haustið 2018 var Vésvava Kiesilevska ráðin í fullt starf við þrif og eru nú tvö stöðugildi við þrif og ýmsa aðra húsnæðisumsjón í höndum þeirra hjóna, hennar og Kristófers Kiesielevski. Það var ekki vanþörf á þeirri viðbót þar sem húsið er stórt.

Í maí 2019 sögðu Ragna Fróðadóttir deildarstjóri textíldeildar og Helga Björk Ottósdóttir áfanga- og markaðsstjóri upp störfum en báðar eru að flytjast búferlum til útlanda. Í kjölfar auglýsinga voru Lilý Erla Adamsdóttir textílhönnuður ráðin sem deildarstjóri textíldeildar og Ágústa Sveinsdóttir vöruhönnuður sem áfanga- og markaðsstjóri. Báðar hefja formlega störf að loknu sumarfríi 2019.

## SAMNINGAR VIÐ RÍKI OG BORG

18. maí 2018 var nýr og breyttur þjónustusamningur við Reykjavíkurborg undirritaður og í raun var um tvo samninga að ræða. Annar fjallar um frístundanámskeið fyrir börn og ungmenni, hinn um mjög svo aukið leik- og grunnskólasamstarf sem felur í sér að nánast alla daga skólaársins koma hópar leik- og grunnskólabarna í myndlistarsmiðjur í skólanum. Í samræmi við óskir skólans um að gera samninga um skólaár í stað almanakárs voru samningarnir gerðir til þriggja skólaára og gilda báðir til 31. júlí 2021.

Samningar um framhaldsskólastigið hafa ekki gengið jafn vel. Samningurinn rann út 30. júní 2018 en þá var ekki hægt að gera nýjan heldur var sá gamli framlengdur óbreyttur til áramóta. Vegna vanda ráðuneytisins við að finna lausn á því með hvaða hætti skuli samið við sjálfstæða skóla var ekki um annað að ræða en nýjan viðaukasamning og sá gildir til áramóta 19-20. Framlengingarnar eru mjög óhagstæðar fyrir skólann þar sem stærstur hluti gömlu samninganna kveða á um ákveðna krónutölu sem hækkar ekki með almennu verðlagi. Eingöngu einingar í námi til stúdentsprófs njóta slíkra hækkana. Þótt verðbólga sé ekki mjög mikil gefur auga leið að þær upphæðir sem skólinn fær úreldast með hverjum mánuði sem líður. Þó náðist sá árangur í nýjasta viðaukanum að þar er gert ráð fyrir að greitt sé með nemendum í málaralist þótt heildarfjöldi nemenda á 4. þrepi hafi ekki breyst.

Á gildistíma grunnsamnings skólans hafa kjör kennara batnað mjög mikið almennt. Skólinn hefur ekki fengið fjármagn til að bæta laun sinna kennara til samræmis við það.

Á fundi í menntamálaráðuneytinu í mars 2018 bauð skólinn ráðuneytinu að kenna hópi nemenda með þroskahömlun og var vel tekið í þær hugmyndir í ráðuneytinu. Skrifuð var ný 30 eininga brautarlýsing með námslok á 1. þekkingarþrepi sem kenna átti á einu ári og var hún lögð inn til staðfestingar hjá Menntamálastofnun. Þegar til kom var ekki hægt að staðfesta brautina þar sem ekki er til skilgreining fyrir viðbótarnám á 1. þrepi en hugmyndin er að nemendur á brautinni hafi lokið 4 árum í framhaldsskóla. Ráðuneytið lýsti samt vilja til að gera samning um slíka braut við skólann en ekki náðist saman um það á þeim tíma sem skýrslan tekur til.

Eftir margítrekuð, árangurslausar fyrirspurnir í bréfum, tölvupósti og símtölum, við menntamálaráðuneytið, bæði vegna þjónustusamnings og svara um hvort kenna ætti nýja braut við skólann hafði skólastjóri samband við skrifstofu forsætisráðherra og fékk í framhaldinu viðtal þar sem hún gat komið á framfæri óánægju með samstarfið við ríkið.

## SAMSTARF Á HÁSKÓLASTIGI

26. júní 2018 var undirritað samkomulag við University for the Creative Arts í Farnham, Englandi þess efnis að nemendur sem lokið hafa diplómanámi geti sótt um að komast inn á 3. ár í námi til BA prófs við UCA. Samkomulagið er til 5 ára. 26. október 2018 var gengið frá samningi við Glasgow School of Art um árlegt pláss fyrir allt að 3 nemendur sem lokið hafa diplómanámi í textíl. Samkomulagið gildir í 5 ár. Í heimsókn til Glasgow sem var hluti af ferð diplómanemenda í textíl og teikningu var rætt um að bæta við samningi fyrir nemendur í teikningu.

Deildarstjórar viðbótarnámsbrauta og skólastjóri hlutu styrk frá Erasmus+ til að heimsækja Listaháskólann í Bergen til að kynna sér hlutfall fræðilegs og verklegs náms við skólann. Styrkurinn var nýttur til hins ítrasta og ferðin hófst í Helsinki þar sem Listaakademían og Aaltoháskólinn voru heimsóttir. Næst var farið til Stokkhólms þar sem Konunglega ademían og Konstfack voru heimsóttir. Ferðinni lauk í Bergen en hún var bæði góð og gagnleg.

Skólinn hefur einnig átt í viðræðum við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands, bæði á eigin spýtur og í samfloti við Samtök sjálfstæðra listaskóla um samstarf með það fyrir augum að nemendur þessara deilda geti lokið sínu námi hér heima. Viðræðurnar hafa verið góðar en engin niðurstaða er fengin.

Á vorönn 2019 fóru allir fjórir hópar í viðbótarnámi í tveggja vikna námsferð til Evrópu með styrk frá Erasmus+. Málarabraut fór til Hollands en keramikbraut, teiknibraut og textílbraut fóru á sama tíma til Bretlands. Fyrri vikuna voru hóparnir hver í sínu lagi að skoða skóla víðs vegar um landið en síðari hluta ferðarinnar dvöldu allir í London. Skólastjóri var með í för fyrri vikuna og lagði áherslu á að heimsækja þá skóla sem áhuga hafa á samstarfi við Myndlistaskólann.

Einstakar deildir skólans hafa verið þátttakendur í margvíslegu samstarfi, bæði heima og á alþjóðlegum vettvangi eins og fram kemur í skýrslum deildanna.

Að vanda átti skólinn samstarf við Borgarbóka-safn um myndasögusamkeppni og Hitt húsið um Myndlistarmaraþon. Verðlaunin í báðum tilvikum voru námskeið við skólann.

Mikið var um heimsóknir frá erlendum skólum af ýmsu tagi og hafa Finnar verið áberandi fjölmennir. Skólastjóri sótti ráðstefnu á vegum ELIA samtaka Evrópskra listaháskóla í Rotterdam í nóvember 2018. Í lok júní 2019 fór hún til Hull til að taka þátt í málþingi sem bar yfirskriftina *What artists want: What artists need* í boði The Feral Art School sem er nýstofnaður listaskóli sem starfar án eigin húsnæðis en fær inni á verkstæðum sem henta hverju verkefni.

Skólinn á fulltrúa í nýskipuðu fulltrúaráði Textílmiðstöðvar Íslands á Blönduósi og tók skólastjóri þátt í fundi fyrir hönd skólans. Samstarfsverkefni skólans og miðstöðvarinnar, Nýsköpun í textíl hlaut styrk úr Ný-



ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018

sköpunarsjóði námsmanna og var unnið sumarið 2019.

Skólinn er þátttakandi í samstarfsverkefni fyrir listamenn með fötlun sem ber yfirskriftina The Other Travel Agency og lýtur finnskri stjórn. Margrét Norðdahl og Lee Lorenzo Lynch halda utan um þátt skólans.

## STEFNUMÓTUN

Skólinn setti sér málstefnu að gefnu tilefni en vegna þess að nemendur eru ekki allir með íslensku sem móðurmál hefur nokkuð borið á kröfum um að kennsla fari fram á ensku. Málstefnuna má sjá á vefsíðu skólans.

Skólanum ber að móta persónuverndarstefnu og til að undirbúa hana var keypt aðstoð fyrirtækisins Dattacalabs og allir verkferlar við skólann þar sem unnið er með persónuupplýsingar greindir. Ekki náðist að klára persónuverndarstefnuna fyrir mitt ár 2019.

Eins þarf skólinn að uppfylla reglur varðandi skjalastjórnun og skjalavörslu og skil til Þjóðskjalasafns. Sigurjón og Hjördís Magnúsdóttir lögðu nokkra vinnu í að undirbúa skjalalykil fyrir skólann.

## SKÓLAKYNNINGAR OG OPIÐ HÚS

Skólinn hélt opið hús í samfloti með Samtökum sjálfstæðra listaskóla í febrúar bæði árin. Opna húsið er haldið viku fyrir Háskóladaginn. Á vormisseri 2018 tók skólinn þátt í skólakynningum í Valhúsaskóla og FG og farið var í heimsókn í nokkra framhaldsskóla sem bjóða nám á listnámsbraut til að kynna viðbótarnámsbrautirnar. Vorið 2019 var Verkiðn, námskynning verknámsskólanna haldin í Laugardalshöll. Anna námsráðgjafi og Helga Björk héldu utan um kynningarnar. Arna Valsdóttir myndlistarmaður á Akureyri tók að sér að kynna skólann í verknámsskólunum á Akureyri og Ólafsfirði.

Opið hús var haldið á Sumardaginn fyrsta 2018 þar sem sýnd voru verkefni nemenda á námskeiðum við skólann. Vorið 2019 bar Sumardaginn fyrsta upp það seint að námskeiðum var lokið. Því var opna húsið haldið á sunnudegi skömmu fyrir námskeiðalok.

## HÚSNÆÐI, AÐSTAÐA OG STARFSSKILYRÐI

Starfsleyfi skólans var endurnýjað á vorönn 2019 sem og viðurkenning ráðuneytisins. Húsnæðismál voru áfram mjög til umræðu en snemma árs 2018 gekk skólinn að kauptilboði sem dregist hefur að verði að veruleika þar sem breyttar aðstæður á fjármálamarkaði gera fjármögnun erfiðari. Samkvæmt því á skólinn að fá húseign í Faxafeni 10 fyrir sínar tvær hæðir og fjármuni til að gera nauðsynlegar breytingar.

Keypt voru notuð hæðarstillanleg borð handa þeim föstu starfsmönnum skólans sem ekki höfðu fengið slík borð en starfa við borð. Keyptir voru tveir nýir leirbrennsluofnar, 5 rennibekkir og stillanlegir stólar við rennibekkina. Jafnframt eignaðist skólinn nokkra stóla sem ekki er hægt að stilla, sér að kostnaðarlausu en þeir nýtast vel við mótunarborðið í keramikinu.

Umbætur voru gerðar í textílstofunni sem bæta nýtinguna á rýminu. Einnig voru gerðar breytingar á aðstöðu í keramiki, t.d. voru birgðahillur og gifsplötur í hnoðrými endurnýjaðar. Inngangi í barnastofur var breytt en sú aðgerð stækkar stofurnar. Keyptir voru nýir loftlampar í stóran hluta skólans en þeir gömlu voru orðnir mjög úr sér gengnir. Í sjónlistadeild var ýmsu hagrætt, s.s. vöskum og geymslum og geymsluaðstaða nemenda var bætt til muna. Kennaraherbergi á stigagangi var endurbætt og opnað fram á ganginn í þeim tilgangi að gera það aðgengilegt fyrir kennara fleiri deilda. Ný plata var útbúin í grafíkpressuna.

## ÝMSAR KANNANIR OG ÁHUGAVERÐAR TÖLUR

Gerð var netkönnun meðal útskrifaðra nemenda þar sem spurt var um hvort viðkomandi hefði sótt um frekara nám að loknu námi við skólann og hvernig hefði gengið að komst í skóla. Niðurstaðan var sú að meðal svarenda höfðu 93% komist í það nám sem þeir sóttu um og settu í fyrsta sæti. 82 svör bárust en 180 fengu könnunina senda.

Einnig var gerð könnun meðal kennara við skólann þar sem spurt var um kennsluréttindi. Niðurstaðan var sú að það skiptist í nánast tvo jafnstóra hópa, þeir sem hafa eða eru að vinna í að öðlast réttindin og þeir sem hafa þau ekki. Hinsvegar er meirihluti þeirra kennslustunda sem kenndar eru við skólann í höndum kennara með réttindi.

Árið 2017 komu um 230 manns að kennslu við skólann. Að meðaltali eru kenndar um 150 kennslustundir á viku í barna- og unglingadeild. Á námskeiðum fyrir fullorðna nemendur eru kenndar ca 100 st á viku og í dagskólanum eru að meðaltali kenndar um 265 stundir á viku. Þetta er ekki hárnákvæmt þar sem það getur verið eilítið breytilegt eftir vikum. En samanlagt eru kenndar um 515 stundir á viku og af því eru e.t.v. 60-70 í öðru en listgreinum.

Að lokum má geta þess að skólinn hlaut viðurkenningu frá Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki annað árið í röð.

## DAGSETNINGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÓLASTARFINU

**Vorönn 2018**

4. janúar: Fyrsti kennsludagur dagskólans
25. janúar: Skólakynning í Valhúsaskóla
31. janúar: Skólafundur
22. og 23. febrúar: Opið hús hjá Samtökum sjálfstæðra listaskóla
22. febrúar - 22. maí: Opið fyrir umsóknir um nám í dagskóla
27. febrúar: Kynning á listkennsludeild LHÍ
23. mars: Aðalfundur skólafélagsins
19. apríl: Sumardagurinn fyrsti, opið hús í námskeiðaskóla
10. - 14. maí: Vorsýning
24. maí: Útskriftarhátíð á Kjarvalsstöðum





30. maí: Inntökupróf í sjónlistadeild
4. júní: Niðurstöður inntökuprófa sendar út
5. júní: Vorferð starfsfólks
11. júní: Inntöku nemenda í diplómanám lokið

**Skólaárið 2018-19**

9. - 10. ágúst: Sumarsmiðjur skóla- og frístundasviðs í MÍR
15. ágúst: Skráning á námskeið haustannar hófst, Sumarsmiðjur skóla- og frístundasviðs
17. ágúst: Skólasetning
20. ágúst: Fyrsti skóladagur í dagskóla og leikskólasamstarfi
30. ágúst: Kennarafundir í námskeiðaskóla
3. september: Námskeið hófust í barna- og fullorðinsdeild
18. - 22. október: Haustfrí
22. október: Skyndihjálparnámskeið Rauðs krossins fyrir starfsfólk og kennara
24. nóvember: Nemendur á fyrra ári l istnámsbrautar opna sýningu í Gallerí Tukt
12. desember: Skráning á námskeið á vorönn hófst
14. desember: Jólaboð skólafélagsins
21. desember: Jólafrí starfsmanna hófst
3. janúar: Fyrsti vinnudagur vorannar. Dagskóli hófst.
21.-22. febrúar: Opið hús hjá Samtökum sjálfstæðra listaskóla
21. febrúar - 21. maí: Opið fyrir umsóknir um nám í dagskóla
23. - 26. febrúar: Vetrarfrí
14. - 16. mars: Verkiðn, Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning í Laugardalshöll
31. mars: Opið hús í námskeiðaskóla (á sunnudegi)
15. - 23. apríl: Páskafrí 15. - 23. apríl
24. apríl: Óvissuferð starfsfólks
9. - 13. maí: Vorsýning
23. maí: Útskriftarhátíð á Kjarvalsstöðum
29. maí: Vorferð starfsfólks og kennara skólans
3.-14. júní: Mid Atlantic Ceramic Exchange, alþjóðleg keramikvinnustofa.







**BÓKASAFN**

Ragnhildur Blöndal lét af störfum í júní 2018 og Hjördís Magnúsdóttir tók við í ágúst 2018 og vann til 1. febrúar 2019 en þá tóku þær Halla Kjartansdóttir og Karlotta Blöndal við þjónustu og afgreiðslu bókasafns um óákveðin tíma en báðar eru stundakennarar við skólann. Þær hafa sótt námskeið á vegum Landskerfis bókasafna, sjá um innkaup, afgreiðslu og sérskráningu allra aðfanga ásamt því að tengja í Gegni þær bækur sem þegar eru skráðar þar. Þær skipta með sér afgreiðslu á safninu alla virka daga kl. 9-13.

Heildarfjöldi skráðra eintaka bókasafnsins í Gegni árið 2018 var 7960. Þar af voru bækur 7215 (tímaritshefti voru 721, 14 myndbönd og 10 mynddiskar). Árið áður voru skráð eintök 7665 og þar af bækur 6969. Hefur bókum því fjölgað um 246 eintök á milli ára.

Að viðbættum gögnum (alls 127) sem skráð hafa verið frá janúar 2019 til loka júní 2019 er heildarfjöldi skráðra eintaka alls tímabilsins 8087 gögn.

Skráð útlán á árinu 2017 voru 1783 en á tímabilinu 1. janúar 2018 til loka júní 2019 voru þau 1851 (þar af 1387 á árinu 2018 og 467 á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2019). Skráðum útlánum í kerfinu fækkaði því á milli áranna 2017-18 í kringum 20% en hafði áður fjölgað um 10% á mili ára. Þessar tölur er þó miðaðar við skráningu í gegnum tölvukerfið en talsvert magn gagna er ennþá handskráð og ratar ekki alltaf í gagnabankann. Einnig eru óskráð skammtímalán innanhúss umtalsverð svo notkun safnsins er mun meiri en þessar tölur segja til um. Unnið er í því að fækka óskráðum útlánum til að sporna við því að bækur hverfi sporlaust af safninu sem og að draga úr vanskilum. Athygli vekur að kennarar eru talsvert duglegri að fá lánaðar bækur en nemendur.

Lánþegum hefur fjölgað á milli ára/tímabila. Þeir voru 239 árið 2017 en fóru upp í 297 á árinu 2018 (169 nemendur og 125 kennarar) sem er talsverð fjölgun frá árinu áður, einkum í nemendafjölda (sem var 119 árið 2017). Má gera ráð fyrir að sá fjöldi hafi haldist lítið breyttur til loka þess tímabils sem skýrslan nær yfir.

Þrjár sýningar voru haldnar á Gallerí Vegg. Það voru listamennirnir Eygló Harðardóttir, Margrét Birgisdóttir og Karlotta Blöndal.

**NÁMSRÁÐGJÖF**

Námsráðgjafi Anna Sigurðardóttir er ráðin við skólann í 20% starfshlutfalli. Meginmarkmið ráðgjafar er að stuðla að því að sem flestir nemendur nái árangri í námi og ljúki markmiðum sínum er varða námið.

Nemendur geta pantað viðtalstíma eða komið á skrifstofuna til að ræða sín mál. Námsráðgjafi er með auglýsta viðtalstíma á miðvikudögum. Að meðaltali leita 3 til 4 nemendur til ráðgjafar þegar viðtalstími er auglýstur. Nemendur hafa einnig samband í gegn um tölvupóst. Töluvert er um fyrirspurnir um nám frá utanaðkomandi sem áhuga hafa fyrir námi við skólann.

Námsráðgjafi starfar náið með deildastjórum og skólastjóra og mætir á starfsmannafundi. Á vorönn var unnið að endurskoðun á áfangalýsingum og texti um ýmsar áætlanir skólans endurskoðaður. Námsráðgjafi aðstoðar við inntökupróf.

Námsráðgjafi sinnti kynningum sem auglýstar eru fyrir nemendur sem ljúka grunnskólanámi í samráði við Félag náms- og starfsráðgjafa. Venju samkvæmt boðar námsráðgjafi til sín alla nemendur sem hefja tveggja ára nám á listnámsbraut í upphafi annar. Farið er yfir námsferla hvers og eins og gerð áætlun um hvernig ljúka skuli námi eigi nemandi einhverja áfanga eftir utan skólans. Lögð er áhersla á að ná til nemenda sem fyrst.

Námsráðgjafi kynnir starfsemi sína fyrir öllum nemendum sem stunda nám í dagskóla. Lögð er áhersla á að nemendur nýti tölvupóst og að trúnaðar sé gætt þegar nemandi fer fram á það.

Annað hvert ár er vorönn haldin sameiginleg kynning á framhaldsnámi sem fram fór að þessu sinni í Laugardalshöll. Skólinn tók þátt í kynningunni og ákveðið var að henni lokinni að bás skólans skyldi verða helmingi stærri á næstu stóru kynningu.

Námsráðgjafi leggur áherslu á að ná til nemenda á síðara ári listnámsbrautar með það að markmiði að kanna hvort öllu verður lokið áður en til útskriftar kemur. Því er kallað á hvern og einn í upphafi annar.

**ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF**

**Menntaáætlun Evrópusambandsins**

**Starfsmenntun - Nám og þjálfun 2018-2019**

Myndlistaskólinn í Reykjavík (MíR) og Einar Granum Kunstfagskole í Ósló gerðu árið með sér Memorandum of Understanding um að gagnkvæm kennaraskipti á tveggja ára tímabili. Á árunum 2018 - 2019 hafa 3 kennarar frá MíR farið sem gestakennarar til Einar Granum og 2 hafa komið hingað. Hver kennari hélt vikulangt námskeið. Kennaraskiptin gengu vel fyrir sig og voru kennararnir ánægðir með samstarfið og tækifærið sem þeir fengu til að fara erlendis og kenna. Þar kynntust þeir nýjum skóla, hittu starfssystkini og áttu samtal um nám og kennslu.

Einn kennari á teiknibraut fór sem gestakennari í ECOLE EUROPEENNE SUPERIEURE DE L'IMAGE í Frakklandi. Í apríl 2019 kom gestakennari frá Stichting 57 Poort í Amsterdam og kenndi nemendum í málaralist í tvær vikur. Í starfsþjálfun starfsmanna og kennara fóru skólastjóri, fjórir deildarstjórar, bókasafnsfræðingur og sjö kennarar.

Skólastjóri og deildarstjórar námsbrauta á 4. þrepi heimsóttu listaháskóla í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Samsetning námsbrauta á BA stigi var skoðuð og þá sérstaklega út frá spurningunni um vægi fræðilegra þátta. Jafnframt var skoðað hvaða tæknilegu þekkingu og færni er lögð mest áhersla á að nemendur hafi tileinkað sér áður en þeir hefja nám á 3. ári á BA stigi. Markmið MíR er að stuðla að því að nemendur í viðbótarnámi hafi sem fjölbreyttasta námsmöguleika að loknu tveggja ára námi



ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018

við skólann og að námið við skólann verði metið sem hluti af BA námi sem víðast um Evrópu. Mikilvægt er að mynda tengsl við skóla á Norðurlöndunum vegna gæða náms en einnig vegna þess hve hagkvæmt er að stunda nám á Norðurlöndunum.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur heimsótti Gerrit Rietveld Academie til að kynna sér hvernig bókasöfn með áherslu á listir og hönnun þjóna nemendum og kennurum í list- og hönnunarnámi.

Kennari við skólann fór í júní 2019 í starfsnám hjá þýsku postulínsverksmiðjunni Wagner & Apel Porzellan. Markmið starfsþjálfunarinnar var að auka þekkingu kennarans í flókinni mótagerð, meðhöndlun á postulíni, framleiðslu, brennslu og frágangi á vöru. Kennari teiknibrautar fylgdist með 6 daga námskeiði í teikningu í sumarskóla Anglia Ruskin háskólans.

Sjö deildarstjórar og kennarar fóru í námsferðir með nemendum í diplómanámi (sjá nánar um ferð nemenda).

Á tímabilinu fóru nemendur úr skólanum í þrjú svokölluð PRO-long term mobility. Í samhengið við það var veittur einn styrkur fyrir starfsmann til þess að hitta leiðbeinanda og undirbúa starfsnám eins þessara nemanda. Deildarstjóri textílbrautar fór til Helsinki og heimsótti væntanlega leiðbeinendur og kynnti sér aðstæður, umhverfi og fyrirhuguð verkefni nemandans. Einnig var rætt um væntingar og markmið aðila til starfsnámsins. Í framhaldi fór nýútskrifaður nemi (2018) af textílbraut í fjögurra mánaða starfsnám til Outi Martikainen og Ulla-Maija Vikman .

Annar útskriftarnemandi (2018) í textíl fór í 6 mánaða starfsnám til Þýskalands hjá textíllistakonunni Camilla Steinum. Nemandi á fyrsta ári í keramik fór í starfsnám til franska fyrirtækisins MASH Design til að læra ýmiskonar tækni í gifsmótagerð og að vinna með postulínsmassa. Fjórar tveggja vikna námsferðir voru farnar á tímabilinu. Nemendur á öllum viðbótarnámsbrautum skólans fóru til Evrópu og heimsóttu skóla, fyrirtæki, söfn og sýningar. Markmið ferðanna var að kynna fjölbreytta náms- og starfsmöguleika fyrir nemendum.

Deildarstjórar fylgdu hver sínum hópi, ásamt nokkrum kennurum. Deildarstjórarnir skipulögðu ferðirnar, pöntuðu flug, lestarferðir, hótel og áttu í samskiptum við þá staði sem heimsóttir voru. Þeir undirbjuggu jafnframt nemendur undir ferðina í samstarfi við kennara. Unnið var með þá reynslu sem aflað var í ferðunum í áframhaldandi kennslu og í sýningu skólans þegar heim var komið.

Ferðin er áfangi á öllum brautum og gefur ýmist 5 eða 6 einingar. Listmálarabrautin fór til Hollands í samstarfi við Stichting 57 Poort sem rekur vinnustofur fyrir listamenn í Amsterdam. Þar fæst fólk við grafík, málaralist og skúlptúr og fengu nemendur að fylgjast með og kynnast ólíkum efnistökum og aðferðum. Hópurinn ferðaðist vítt og breitt um Holland og heimsótti skóla, söfn og gallerí. Nemendur settu sig í spor nokkurra meistara málaralistarinnar með því að leita uppi sjónarhorn í þekktum verkum úr sögunni og vinna þar sínar myndir eða skissur. Keramik-, teikni-, og textílbrautir fóru samtímis til Bretlands. Fyrri vikuna ferðuðust hóparnir hver í sínu lagi en síðari vikuna voru allir hópar saman í London. Fjölmargir skólar voru heimsóttir, bæði skólar sem MíR hefur verið í samstarfi við í áraraðir og aðrir. Skólaheimsóknirnar voru allar góðar og fræðandi. Þær styrktu tengslin og munu vonandi leiða til áframhaldandi samstarfs. Farið var í heimsóknir í fyrirtæki, verkstæði og til listamanna þar sem nemendur kynntust ýmiskonar nýju efni og aðferðum og nýrri nálgun við viðfangsefni í sínu fagi. Einnig voru fjölmörg söfn og sýningar skoðuð. Markmiði ferðanna var náð og langt umfram það. Kynningar á verkefnum munu fara fram í haust 2019.

**Skólar (leik-, grunn- og framhaldsskólastig)**
**- Nám og þjálfun 2018-2019**

Kennari við barnadeild Myndlistaskólans í Reykjavík fór í tveggja mánaða starfsþjálfun við hollensku tónlistarstofnunina STEIM. Í eigin myndlist sækir viðkomandi kennari innblástur í nýja tækni og miðla en hann vinnur innsetningar sem oft eru þátttöku- og upplifunarlistaverk, sambland af hljóðverkum, skúlptúrum og allskonar miðlum. Í barnadeild Myndlistaskólans fá börn að kynnast ólíkum leiðum til sköpunar og grunnþáttum sjónlistar. Kennarinn hyggst leggja áherslu á gerð upplifunarverka með hreyfiskynjurum og tækni í sinni kennslu. Hjá STEIM lærði kennarinn m.a. á hreyfiskynjara og fjölbreytt forrit fyrir tónlist, s.s. SuperCollider, Max/MSP, PureData og tók þátt í að skrásetja viðburði og annað innan STEIM, m.a. með ljósmyndum, videói og stuttum skrifuðum lýsingum.Kennarinn lærði nýja tækni til að skapa og miðla hugmyndum í listaverk. Hann lærði einnig nýjar kennsluaðferðir til að miðla þekkingunni áfram til nemandans. Dvölin dýpkaði og styrkti þekkingu hans á þessu sviði og efldi hann jafnt sem kennara og myndlistamann.







# BARNA- OG UNGLINGADEILD

**Deildarstjóri: Charlotta R Magnúsdóttir**

VORÖNN 2018
**11. janúar - 28. apríl**

Námskeið í barna-og unglingadeild eru byggð upp sem heilsvetrar námskeið og þar af leiðandi eru kennd sömu námskeið á vorönn og voru kennd á haustönninni á undan. Nemendur geta þó skráð sig einungis á aðra önnina ef þeir kjósa svo.

Námskeiðin sem fóru af stað á vorönn voru þessi:

- 4-5 ára - Myndlist
- 6-9 ára - Myndlist
- 8-11 ára - Leirrennsla og mótun
- 8-12 ára - Leirrennsla og skúlptúr
- 10-12 ára - Teikning, Teikning og málun, Myndlist, Myndasögur og myndrænar frásagnir, Video- og hreyfimyndagerð, ,,YouTube hrærivélin"
- 11-14 ára - Leirmótun og rennsla
- 13-16 ára - Teikning, málun og grafík, Leir og gifsmót, Leikur að formum, Teikning, málun og blönduð tækni og ,,Animation", videó og myndasögur

Tvö námskeið fóru fram í útibúi skólans í Miðbergi og tvö að Korpúlfsstöðum.

| VOR 2018 | | |
|---|---|---|
| Aldur | Hópar | Nemendur |
| 4-5 ára | 4 | 25 |
| 6-9 ára | 12 | 89 |
| 8-12 ára | 3 | 22 |
| 10-12 ára | 7 | 61 |
| 11-14 ára | 1 | 6 |
| 13-16 ára | 4 | 47 |
| **Samtals** | **31** | **250** |

Kennarar á vorönn voru: Björk Viggósdóttir, Curver Thoroddsen, Dagmar Atladóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Helga Óskarsdóttir, Herborg Eðvaldsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Linda Ólafsdóttir, Lovísa Lóa Sigurðardóttir, Margrét M. Norðdahl, María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir, Ninna Þórarinsdóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Svafa Björg Einarsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir og Þorgerður Þórhallsdóttir.

**Drafnarsteinn - sérverkefni**
Samstarf var við leikskólann Drafnarstein en börn frá skólanum sóttu námskeið í Myndlistaskólanum líkt og þau hafa gert áður fyrir styrk sem þau fá árlega. 28 börn tóku þátt og var þeim skipt í fjóra hópa og kom hver hópur fimm sinnum. Hildigunnur Birgisdóttir og Guðný Rúnarsdóttir sáu um kennsluna og gekk samstarfið vel.

**Nemendasýning á opnu húsi**
Sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 19. apríl, var opið hús í Myndlistaskólanum. Hver og einn nemandi við deildina sýndi þar eitt verkefni. Opna húsið var að vanda fjölsótt og bökuðu nemendur sjónlistadeildar vöfflur og helltu upp á kaffi fyrir sýningargesti.

**Barnamenningarhátíð**
Á Barnamenningarhátíð buðu Myndlistaskólinn og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn upp á listasmiðju sem fékk heitið Maurasmiðja í Laugardalnum. Smiðjan var ókeypis og öllum börnum frjálst að taka þátt, með eða án foreldra/forráðamanna. Þátttakendum bauðst að skoða heimili mauranna, fræðast um þá, kynnast tengslum þeirra við náttúruna og skoða iðni mauranna. Að fræðslu lokinni var svo farið í Grasagarð Reykjavíkur og unnið í listasmiðjunni við að búa til mauralistaverk. Starfsfólk Grasagarðsins og kennari frá Myndlistaskólanum héldu utan um smiðjuna. Viðburður þessi var styrktur af Barnamenningarhátíð.





SAMSTARF VIÐ REYKJAVÍKURBORG
Leik- og grunnskólasamstarf

**Leikskólarnir Austurborg og Ösp**
Börn frá leikskólunum Austurborg og Ösp sóttu skólann á haustönn en skólarnir voru valdir í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Nemendur komu í litlum hópum (7 börn) í fylgd leikskólakennara og kom hver hópur í 5 skipti. Tveir hópar frá hvorum leikskóla komu á haustönn og hélt verkefnið áfram á vorönn 2018 en þá komu tveir hópar frá Austurborg. Alls tóku 42 börn þátt í verkefninu á haust- og vorönn. Boðið var upp á endurmenntunarnámskeið fyrir allt starfsfólk leikskólanna og var Ösp með sinn endurmenntunardag 1. desember 2017 en Austurborg þann 15. janúar 2018. Kennarar voru Guðrún Vera Hjartardóttir og Ragnheiður Gestsdóttir.

**Skólabrú**
Á vorönn 2018 hélt samstarfsverkefnið Skólabrú áfram en það hófst á vorönn 2017. Aðalmarkmiðið þess er að stuðla að því að menning og listir verði eðlilegur hluti af daglegu lífi barna og ennfremur er því ætlað að vera brú milli skólastiga. Laugarnesskóli og leikskólinn Laugasól tóku þátt í verkefninu og komu nemendur í einum 1. bekk Laugarnesskóla og elstu nemendur í leikskólanum Laugasól. Einn hópur sótti skólann á haustönn og þrír á vorönn. Í hverjum hóp voru 15 börn frá Laugarnesskóla og 10 börn frá Laugasól, þannig að alls tóku 100 börn þátt í þessu verkefni.
Kennarar voru Elsa Dóróthea Gísladóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir.

**Evrópskt samstarf - börn, listir, menning, sjálfbærni**
Barnadeild hélt áfram samstarfi við Kulturprinsen sem hófst snemma árs 2016. Kulturprinsen er þróunarmiðstöð fyrir menningu barna og ungmenna í Evrópu en verkefnin felast í því að þróa og veita menningarþjónustu, safna þekkingu og stuðla að samskiptum um börn, ungmenni og menningu. Kulturprinsen hefur aðsetur í Viborg Danmörku.

**Art Equal**
Á vorönn var unnin rannsóknarvinna í tengslum við Art EQUAL verkefnið en markmið þess er að tryggja jafnan rétt allra barna til listsköpunar. Markhópurinn er börn á aldrinum 0-10 ára með öðruvísi þarfir sem og börn innflytjenda. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ og mun standa yfir fram í október 2019. Aðrir þátttakendur eru skólar og stofnanir í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Lettlandi.
Fór af stað ein vinnustofa sem unnin var í samstarfi við Lyngás. Unnið var með yngstu börnunum þar en þau voru fjögur. Í Lyngási er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu með fjölbreytt viðfangsefni og þroskaþjálfun að leiðarljósi. Margrét M. Norðdahl sá um vinnstofuna en Fríða María Harðardóttir vann rannsóknarvinnuna ásamt deildarstjóra Barnadeildarinnar.

**Youth Art and Sustainability**
Á vorönn 2018 hélt samstarfsverkefnið Youth, Art and Sustainability áfram í samstarfi við Ingunnar-skóla og skóla í Skive. Tuttugu börn úr 9. bekk Ingunnarskóla tóku þátt en verkefnið tengdist Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
Margrét M. Norðdahl hélt áfram að vinna með hópnum og í þetta sinn með Lee Lorenzo Lynch sem tók við af Curver Thoroddsen. Verkefninu lauk með sýningu á Barnamenningarhátíð í Listasafni Reykjavíkur.

**Sumarnámskeið 2018**
Myndlistaskólinn bauð upp á fjölbreytt úrval námskeiða sumarið 2018 fyrir börn á aldrinum 4-16 ára, sem kennarar deildarinnar höfðu sett saman. Námskeiðin voru þessi:

- 4-6 ára - Margt smátt-pöddur og pínulitlar verur
- 6-9 ára - Grímur og klippimyndir, Teikning og mótun, Litir og tilfinningar, Litur, form og teikning, Myndlist, náttúra og fjara, Ævintýri og upplifun, Ljós, litir, skuggar og form, Allskonar list
- 8-11 ára - Leirrennsla og handmótun
- 10-12 ára - Textíll, Teikning og mótun, Draumar og fantasía, Teikning og skúlptúr
- 13-16 ára - Myndasögur og kvikun, Teikning og skúlptúr.

Námskeiðin voru haldin vikurnar 11.-15. júní, 18.-22. júní, 25.-29. júní og kennd ýmist fyrir eða eftir hádegi í 3 klukkustundir í senn.

Kennarar á sumarnámskeiðum voru Birta Fróðadóttir, Björk Viggósdóttir, Fríða María Harðardóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Lovísa Lóa Sigurðardóttir, María Sjöfn Dupuis, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, Sigurrós Svava Ólafsdóttir, Tanja Huld Levy, Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir og Guðný Rúnarsdóttir.

| SUMAR 2018 | | |
|---|---|---|
| Aldur | Hópar | Nemendur |
| 4-5 ára | 1 | 5 |
| 6-9 ára | 14 | 106 |
| 8-11 ára | 1 | 9 |
| 10-12 ára | 7 | 63 |
| 13-16 ára | 3 | 30 |
| **Samtals** | **26** | **213** |

## SKÓLAÁRIÐ 2018-2019

**Haustönn, 3. september - 8. desember**

Námskeið í barna-og unglingadeild eru byggð upp sem heilsvetrar námskeið. Nemendur geta þó skráð sig einungis á aðra önnina ef þeir kjósa svo.

Námskeiðin sem fóru af stað á haustönn 2018 voru þessi:

- 4-5 ára Myndlist
- 6-9 ára Leirmótun

| Haust 2018 | | |
|---|---|---|
| Aldur | Hópar | Nemendur |
| 4-5 ára | 3 | 17 |
| 6-9 ára | 13 | 89 |
| 10-12 ára | 8 | 73 |
| 13-16 ára | 5 | 44 |
| **Samtals** | **29** | **223** |

- 6-9 ára Myndlist
- 10-12 ára YouTube hrærivélin
- 10-12 ára Tölvuteikning og rafræn list
- 10-12 ára Teikning og málun
- 10-12 ára Myndasögur
- 10-12 ára Leirrennsla og mótun
- 10-12 ára Leirrennsla og skúlptúr
- 13-16 ára Teikning, málun og grafík
- 13-16 ára Teikning, málun og blönduð tækni
- 13-16 ára Leirrennsla og mótun
- 13-16 ára Kommiks og kvikun

**Vorönn, 7. janúar - 24. apríl**

Þrjú námskeið bættust við á vorönn:

- 4-5 ára Myndlist
- 10-12 ára Teikning og málun
- 13-16 ára Leir og gifsmót

Kennarar skólaárið 2018-19: Björk Viggósdóttir, Brynhildur Þor-geirsdóttir, Elín Helena Evertsdóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Fríða María Harðardóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Guðný Rúnarsdóttir, Guðrún Hrönn

| VOR 2019 | | |
|---|---|---|
| Aldur | Hópar | Nemendur |
| 4-5 ára | 4 | 24 |
| 6-9 ára | 13 | 90 |
| 10-12 ára | 9 | 79 |
| 13-16 ára | 6 | 55 |
| Samtals | 32 | 248 |

Ragnarsdóttir, Guðrún Jóna Halldórsdóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Herborg Eðvaldsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Lovísa Lóa Sigurðardóttir, María Sjöfn Dupuis, Ninna Þórarinsdóttir, Sigurrós Svava Ólafsdóttir, Una Björg Magnúsdóttir, Vala Jónsdóttir, Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir og Þór Sigurþórsson. Tvö námskeið fóru fram í útibúi skólans í Miðbergi og tvö að Korpúlfsstöðum.

**Nemendasýning á opnu húsi**

Sunnudaginn 31. mars var opið hús í Myndlistaskólanum. Hver og einn nemandi við deildina sýndi þar eitt verkefni. Opna húsið var að vanda fjölsótt og bökuðu nemendur sjónlistadeildar vöfflur og helltu upp á kaffi fyrir sýningargesti.

**Barnamenningarhátíð**

**Fuglar og skuggar**

Opnuð var sýning á verkum 4. bekkinga í Húsaskóla og elstu nemenda á leikskólunum Geislabaugi og Suðurborg þann 10. apríl í húsnæði menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Verkin voru unnin í samstarfi Myndlistaskólans í Reykjavík og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Sýningastjóri var Sigga Björg Sigurðardóttir

**Lífið í dalnum**

Myndlistaskólinn hefur átt í góðu samstarfi við Fjöl-skyldu-og húsdýragarðinn og Grasagarðinn í tengslum við Barnamenningarhátíð undanfarin ár og var engin undantekning frá því þetta árið. Starfsfólk Grasagarðs Reykjavíkur, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Reykjavík iðandi af lífi og Mynd-listaskólans í Reykjavík tók á móti fjölskyldum í garðskála Grasagarðsins laugardaginn 13. apríl og fræddi þær um lífverurnar í dalnum. Að því loknu hófst listasmiðja í garðskála og lystihúsi Grasagarðsins undir leiðsögn kennara við Myndlistaskólann í Reykjavík. Verkefnið var að búa til klippimyndir sem síðan voru notaðar sem grunnur í myndbönd. Smiðjan var ókeypis og var öllum börnum frjálst að taka þátt, með eða án foreldra/forráðafólks. Þátttakendur voru u.þ.b. 40 talsins.

Viðburðurinn var styrktur af Barnamenningarhátíð. Kennari Myndlistaskólans var Björk Viggósdóttir.

**Dýradagurinn**

Dýradagurinn er valdeflandi viðburður sem gefur nemendum tækifæri til að læra um og vekja athygli á m.a. loftslagsbreytingum og lífbreytileika.

Nemendur Háaleitisskóla unnu grímur í myndlistar-smiðjum Myndlistaskólans í tengslum við skrúðgöngu sem fór fram þann 22. maí. Fengu nemendurnir einnig fræðslu frá Landvernd. Samstarfsaðilar í verkefninu voru Landvernd, Fuglavernd, Myndlistaskólinn í Reykjavík, Ragnheiður Maísól Sturludóttir, Norræna húsið og Reykjavíkurborg. Kennarar Myndlistaskólans voru Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir.

## SAMSTARF VIÐ REYKJAVÍKURBORG

**Grunnskólasamstarf**

Í júlí 2018 var undirritaður þriggja ára samstarfs-









samningur milli Myndlistaskólans í Reykjavík og skóla- og frístundasviðs um myndlistarsmiðjur fyrir nemendur í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Mynd-listaskólinn hefur boðið upp á sambærilegar smiðjur um árabil en með samningnum fjölgaði þátttökuskólum verulega. Nemendum 4. og 8. bekkjar grunnskóla var boðin þátttaka í verkefninu að þessu sinni.

| Grunnskóli | Fjöldi nemenda 4. bekk | Fjöldi hópa /bekkja |
|---|---|---|
| Ártúnsskóli | 36 | 2 |
| Austurbæjarskóli | 42 | 2 |
| Breiðagerðisskóli | 51 | 3 |
| Fossvogsskóli | 56 | 3 |
| Háaleitisskóli | 35 | 2 |
| Hamraskóli | 19 | 1 |
| Húsaskóli | 31 | 2 |
| Kelduskóli | 36 | 2 |
| Klettaskóli | 8 | 1 |
| Vættaskóli | 60 | 3 |
| Vesturbæjarskóli | 44 | 2 |
| Vogaskóli | 36 | 2 |
| **Samtals** | **454** | **25** |

Grunnskólarnir voru valdir í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Nemendur komu í bekkjum og var hverjum bekk skipt í 2 hópa. Nemendur í fjórða bekk komu þriðjudags, miðviku-dags og fimmtudagsmorgna í Myndlistaskólann og voru í 4,5 kennslustundir í senn. Kennarar Myndlista-skólans fóru einnig í styttri heimsóknir í skólana.

| Grunnskóli | Fjöldi nemenda 8. bekk | Fjöldi hópa /bekkja |
|---|---|---|
| Kelduskóli | 19 | 1 |
| Klettaskóli | 6 | 1 |
| Rimaskóli | 53 | 2 |
| Vættaskóli | 43 | 2 |
| **Samtals** | **121** | **6** |

Alls fékk hver hópur 15 til 17 kennslustundir.

Nemendur í áttunda bekk komu í Myndlistaskólann tvo föstudagsmorgna og voru líkt og yngri bekkirnir í 4,5 kennslustundir í senn. Sama fyrirkomulag var með heimsóknir kennara í skólana. Þessir nemendur fengu um 13-15 kennslustundir í samstarfinu.

Þrettán grunnskólar tóku þátt í samstarfinu skólaárið 2018-2019.

**Leikskólasamstarf**

Leikskólar í Reykjavík komu í myndlistasmiðjur á mánudögum og var boðið upp á þær bæði fyrir og eftir hádegi. Voru leikskólarnir valdir í kjölfar umsóknarferlis í samstarfi við skóla- og frístundasvið líkt og grunnskólarnir. Börnin komu í fylgd leikskólakennara og var þeim skipt niður í 6-8 barna hópa. Hver smiðja var í sex skipti, kennt var í 2,25 kennslustundir í senn og fékk því hver nemandi 13,5 kennslustund í heildina. Níu leikskólar tóku þátt í samstarfinu skólaárið 2018-2019.

Kennarar í myndlistasmiðjum leik-og grunnskólanna voru Brynhildur Þorgeirsdóttir, Cécile Parcillié, Elín

| Leikskóli | Fjöldi barna | Hópar |
|---|---|---|
| Borg | 27 | 4 |
| Garðaborg | 7 | 1 |
| Geislabaugur | 21 | 3 |
| Klettaborg | 22 | 3 |
| Múlaborg | 20 | 3 |
| Suðurborg | 22 | 3 |
| Tjörn | 19 | 3 |
| Vesturborg | 16 | 2 |
| Vinagerði | 12 | 2 |
| **Samtals** | **166** | **24** |

Helena Evertsdóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Kristín Dóra Ólafsdóttir, Ninna Þórarinsdóttir og Þór Sigurþórsson.

**Endurmenntunarnámskeið**
Haldið var eitt endurmenntunarnámskeið á þessu skólaári. Það var leikskólinn Klettaborg sem nýtti sér það og kom allt starfsfólk leikskólans þann 18. mars 2019 í heils dags smiðju. Kennarar voru þær Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir.

**Annað samstarf**
Barnadeild Myndlistaskólans hélt áfram samstarfi við Kulturprinsen sem hófst snemma árs 2016.

**Art EQUAL fundur í Reykjavík**
Samstarfsaðilar í verkefninu Art EQUAL funduðu í Reykjavík dagana 22. og 23. nóvember í Norræna húsinu og heimsóttu nokkra leik-og grunnskóla.

**Móðir og barn**
Myndlistaskólinn var með sérverkefni í tengslum við Art EQUAL fyrir hælisleitandi börn og mæður þeirra. Sett var upp smiðja í sex laugardagaga frá 19. janúar - 23. febrúar. Kennari var Fríða María Harðardóttir og henni til aðstoðar var Nermine El Ansari. Var verkefnið unnið i samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

**Art EQUAL ráðstefna í Riga**
Fulltrúar Myndlistaskólans í Reykjavík tóku þátt í ráðstefnu í tengslum við verkefni sem bar heitið „Þegar börn mæta menningu og listum" í Riga, Lettlandi dagana 3. og 4. júní. Afrakstur samstarfsins er vefsvæði þar sem hægt verður að nálgast námsefni og verkfæri sem styðja við nám án aðgreiningar. Art EQUAL stuðlar að samvinnu og samtali milli starfsfólks menningarstofnana og starfsfólks menntastofnana. Markmið samvinnunnar er að skapa grunn að nýjum hugmyndum og sýn á það hvernig vinna má að listrænum og fagurfræðilegum aðferðum í daglegu starfi með börnum.

Þær Margrét M. Norðdahl og Fríða María Harðardóttir sögðu frá samstarfsverkefni sem þær unnu með nemendum úr Klettaskóla og hélt Margrét einnig erindi um jafnrétti í listheiminum og aðgengi að listmenntun.

**Drafnarsteinn - sérverkefni**
Samstarf við leikskólann Drafnarstein hélt áfram. Börn frá skólanum sóttu smiðju í Myndlistaskólanum líkt og þau hafa gert áður. Smiðjan var haldin frá 29. apríl til 27. maí og tóku 23 börn þátt í henni. Var þeim skipt í fjóra hópa og kom hver hópur fimm sinnum. Elsa Dóróthea Gísladóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir sáu um kennsluna og gekk samstarfið vel.














ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018

## NÁMSKEIÐ FYRIR ALMENNING

**Deildarstjóri: Anna C Leplar**

Skýrsla um almenn námskeið er með nokkuð breyttu sniði frá því sem hefur verið en markmiðið með breytingunni er að dýpka greiningu á starfi námskeiðaskólans. Námskeið skólans hafa um langt árabil notið fjárhagslegs stuðnings menntamálaráðuneytisins. Skólinn hefur viðurkenningu ráðuneytisins sem einkaskóli á framhaldsskólastigi og námskeiðin eru, eins og áfangar í dagskóla, þrepasett og gefa einingar í samræmi við vinnuframlag nemenda. Því geta nemendur nýtt námskeið sem hluta af sínu valnámi við aðra framhaldsskóla. Styrkjum ráðuneytisins er helst

| **VOR 2018** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Byggingalist | 2 | 1 | 7 | Guja Dögg Hauksdóttir |
| Flóra og fauna | 2 | 1 | 7 | Jón Baldur Hlíðberg |
| Gróðurhús hugmyndanna | 2 | 1 | 12 | Erling Klingenberg, Lóa Hlín Hljálmtýrsdóttir, Hildur Steinþórsdóttir |
| Kvikmyndafræði | | 1 | 5 | Oddný Sen |
| Leirkerarennsla | 2 | 3 | 32 | Ólöf Erla Bjarnadóttir, Svafa Björg Einarsdóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir |
| Leirmótun og rennsla | 2 | 1 | 11 | Guðný M. Magnúsdóttir |
| Leirmótun og skúlptúr | 2 | 1 | 11 | Anna Hallin |
| Litaskynjun | 2 | 1 | 8 | Eygló Harðardóttir |
| Ljósmyndun | 2 | 1 | 9 | Kristín Hauksdóttir, Katrín Elvarsdóttir |
| Málun | 2 | 1 | 9 | Kristinn Harðarssonw |
| Málun - vinnustofa | | 1 | 5 | Valgarður Gunnarsson |
| Myndskreytingar og myndasögur | 2 | 1 | 12 | Linda Ólafsdóttir, Lóa Hjálmtýrsdóttir |
| Módelteikning | 2 | 3 | 21 | Sigríður Björg Sigurðardóttir. Kristín Gunnlaugsdóttir, Halldór Baldursson |
| Teikning 1 | 2 | 3 | 33 | Sólveig Aðalsteinsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Karlotta Blöndal |
| Teikning 2 | 2 | 1 | 11 | Sólveig Aðalsteinsdótti |
| Teikning 3 | 2 | 1 | 8 | Anna C. Leplar, Guðjón Ketilsson, Sigríður Björg Sigurðardóttir |
| Vatnslitun | 2 | 2 | 18 | Sigtryggur B. Baldvinsson |
| Vinnustofa fyrir fatlaða listamenn | | 2 | 15 | Kristinn Harðarsson, Margrét Norðdahl, Lee Lorenzo Lynch |
| **Samtals** | | **26** | **234** | |
| | | | | |
| **Korpúlfsstaðir** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Teikning 1 | 2 | 1 | 8 | Elva Hreiðarsdóttir |
| Málun | 2 | 1 | 4 | |
| **Samtals** | | **2** | **12** | |
| | | | | |
| **Styttri námskeið** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Þæfing | | 1 | 6 | Ingibjörg Hanna Pétursdóttir |
| 4-daga módelteikning | | 1 | 13 | Kristín Gunnlaugsdóttir |
| Þrykk og munsturgerð | 1 | 1 | 7 | Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Helga Björk Ottósdóttir |
| Ferilmöppugerð | 1 | 1 | 11 | Magnús V. Pálsson, María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir og Ragna Fróðadóttir |
| Vatnslitun | 1 | 1 | 6 | Sigtryggur B. Baldvinsson |
| Að horfa á myndband... | | 1 | 9 | Kolbeinn Hugi Höskuldsson |
| **Samtals** | | **6** | **52** | |
| | | | | |
| **Samstarfsverkefni** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Framhaldssk. Austur-Skaftafellssýslu | 5 | 1 | 7 | Einar Garibaldi Eiríksson, Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| | | 1 | 7 | |
| **Alls á vorönn 2018** | | **35** | **305** | |

beint til nemenda sem geta nýtt einingarnar í sínu námi eða eru í myndlistarnámi af fullri alvöru en það er m.a. gert með því að veita afslátt til framhaldsskólanema og til þeirra sem taka fleiri en eitt námskeið samtímis. Mestan afslátt fá þeir sem taka Þrennu, stytta útgáfu af fornámi en hún samanstendur af minnst þremur námskeiðum á önn í tvær annir. Námskeiðin sem miðað er við að nemendur í Þrennu sæki eru teikning 1 og 2, módelteikning, formfræði (form, rými og hönnun), litafræði (litaskynjun) og hugmyndavinna (Gróðurhús hugmyndanna). Nemendum í Þrennu hefur að auki verið boðið upp á eins kvölds námskeið í ljósmyndun tví- og þrívíðra verka, sem og ókeypis aðstoð við möppugerð.

Á meðal þess sem unnið er að í námskeiðaskólanum er að auka fjölbreytnina í námskeiðaflórunni. Við finnum fyrir ákveðnum áhuga á styttri og snarpari námskeiðum um afmarkað efni. Þessi þáttur vex hægt og bítandi og fer vel í samfloti við hefðbundin 13 vikna námskeið. Ennfremur hefur skólinn boðið upp á nokkur endurmenntunarnámskeið fyrir sína kennara, bæði verkleg námskeið og fyrirlestra. Þau námskeið eru að mestu greidd af skólanum.

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á sérsniðin námskeið að þörfum og óskum þeirra hópa sem vilja létta sér upp og læra eitthvað skemmtilegt í góðra vina hópi. Það er góð viðbót og markmiðið er að efla þann þátt í framtíðinni. Ýmist er um að ræða vinnustaði eða vinahópa. T.d. kom stórfjölskylda úr Hafnarfirði á stutt keramiknámskeið fyrir jólin 2019 en hópurinn var á öllum aldri, frá leikskólaaldri uppí eldri borgara.

Reynslan hefur sýnt að aðsókn er betri á vorönn en haustönn og þessar þrjár annir sem nú eru til skoðunar staðfesta það. Samtals sóttu 305 nemendur 35 námskeið á vorönn 2018. Á haustönn sama ár voru námskeiðin 30 og nemendurnir 251. Vorið 2019 sóttu 376 nemendur 36 námskeið á vegum námskeiðaskólans. Vert er að benda á að inni í þeirri tölu er talsverður fjöldi eða 75 nemendur á sérsniðnum námskeiðum. Nemendur á námskeiðum sýndu að vanda verkefni á Opnu hús, bæði vorið 2018 og 2019.









ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018



**HAUST 2018**

| | ein. | hópar | nemendur | kennari |
|---|---|---|---|---|
| Flóra og fauna | 2 | 1 | 10 | Jón Baldur Hlíðberg |
| Gróðurhús hugmyndanna | 2 | 1 | 11 | Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir, Lóa Hlín Hljálmtýrsdóttir, Hildur Steinþórsdóttir |
| Leirkerarennsla | 2 | 3 | 31 | Svafa Björg Einarsdóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir |
| Leirmótun og rennsla | 2 | 1 | 11 | Guðný M. Magnúsdóttir |
| Leirmótun og skúlptúr | 2 | 1 | 8 | Anna Hallin |
| Litaskynjun | 2 | 1 | 8 | Eygló Harðardóttir |
| Ljósmyndun | 2 | 1 | 8 | Kristín Hauksdóttir, Katrín Elvarsdóttir |
| Málun | 2 | 1 | 6 | Kristinn Harðarsson |
| Málun - vinnustofa | | 1 | 5 | Valgarður Gunnarsson |
| Myndskreytingar og myndasögur | 2 | 1 | 10 | Linda Ólafsdóttir, Lóa Hjálmtýrsdóttir |
| Módelteikning | 2 | 3 | 28 | Sigríður Björg Sigurðardóttir. Kristín Gunnlaugsdóttir, Halldór Baldursson, Valgarður Gunnarsson |
| Portrett - teikning og mótun | 2 | 1 | 7 | Anna C. Leplar, Sigríður Björg Sigurðardóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir |
| Teikning 1 | 2 | 4 | 29 | Eygló Harðardóttir, Karlotta Blöndal, Elín Helena Evertsdóttir |
| Teikning 2 | 2 | 1 | 10 | Kristín Reynisdóttir |
| Vatnslitatilraunir | 1 | 1 | 12 | Marta María Jónsdóttir |
| Vatnslitun | 2 | 1 | 7 | Jón Axel Björnsson |
| Vinnustofa fyrir fatlaða listamenn | | 2 | 14 | Kristinn Harðarsson, Margrét Norðdahl, Lee Lorenzo Lynch |
| **Samtals** | | **25** | **215** | |
| | | | | |
| **Korpúlfsstaðir** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Teikning 1 | 2 | 1 | 4 | Elva Hreiðarsdóttir |
| Málun | 2 | 1 | 6 | Aðalheiður Valgeirsdóttir |
| **Samtals** | | **2** | **10** | |
| | | | | |
| **Styttri námskeið** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Woad litun | | 2 | 19 | Ásthildur Magnúsdóttir |
| Spunatilraunir - rokkur og halasnælda | 1 | 1 | 7 | Ásthildur Magnúsdóttir |
| **Samtals** | | **3** | **26** | |
| | | | | |
| **Alls á haustönn 2018** | | **30** | **251** | |

| VOR 2019 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | ein. | hópar | nemendur | kennari |
| Flóra og fauna | 2 | 1 | 12 | Jón Baldur Hlíðberg |
| Form rými og hönnun | 2 | 1 | 11 | Guja Dögg Hauksdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Þóra Sigurðardóttir |
| Leirkerarennsla | 2 | 3 | 32 | Anna Hallin, Þuríður Ósk Smáradóttir |
| Leirmótun og rennsla | 2 | 1 | 6 | Guðný M. Magnúsdóttir |
| Leirmótun og skúlptúr | 2 | 1 | 9 | Anna Hallin |
| Litaskynjun | 2 | 1 | 11 | Eygló Harðardóttir |
| Ljósmyndun | 2 | 1 | 8 | Kristín Hauksdóttir |
| Málun | 2 | 1 | 11 | Kristinn Harðarsson |
| Málun - vinnustofa | | 1 | 9 | Valgarður Gunnarsson |
| Myndskreytingar og skopmyndir | 2 | 1 | 11 | Lóa Hjálmtýrsdóttir, Halldór Baldursson |
| Módelteikning | 2 | 3 | 27 | Sigríður Björg Sigurðardóttir. Kristín Gunnlaugsdóttir, Halldór Baldursson, Valgarður Gunnarsson |
| Teikning 1 | 2 | 3 | 27 | Eygló Harðardóttir, Karlotta Blöndal, Elín Helena Evertsdóttir |
| Teikning 2 | 2 | 1 | 10 | Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| Teikning 3 | 2 | 1 | 5 | Guðjón Ketilsson, Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Sigríður Björg Sigurðardóttir |
| Vatnslitun | 2 | 1 | 8 | Jón Axel Björnsson |
| Vatnslitatilraunir | 1 | 1 | 11 | Marta María Jónsdóttir |
| Vinnustofa fyrir fatlaða listamenn | | 2 | 14 | Kristinn Harðarsson, Margrét Norðdahl, Lee Lorenzo Lynch |
| **Samtals** | | **24** | **222** | |
| | | | | |
| **Korpúlfsstaðir** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Teikning 1 | 2 | 1 | 9 | Elva Hreiðarsdóttir |
| Málun | 2 | 1 | 11 | Aðalheiður Valgeirsdóttir |
| **Samtals** | | **2** | **20** | |
| | | | | |
| **Styttri námskeið** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| 4 daga módelteikning | | 1 | 11 | Kristín Gunnlaugsdóttir |
| Fjarvídd á ljóshraða | 1 | 1 | 3 | Illugi Eysteinsson |
| Myndskreyting | | 1 | 14 | Alexis Deacon |
| Þrykk og indígó | | 1 | 8 | Catherine Ellis, Joy Boutrup |
| **Samtals** | | **4** | **36** | |
| | | | | |
| **Námskeið fyrir kennara MÍR** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Tilraunir í teikningu og þrykki | | 1 | 8 | Laura Isoniemi |
| Leirnámskeið | | 1 | 15 | Richard Spiller |
| | | 2 | 23 | |
| **Sérsniðin námskeið** | **ein.** | **hópar** | **nemendur** | **kennari** |
| Leirnámskeið | | 2 | 21 | Þuríður Ósk Smáradóttir |
| Teikning og litafræði | | 2 | 54 | Karlotta Blöndal, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Þórunn María Jónsdóttir |
| **Samtals** | | **4** | **75** | |
| | | | | |
| **Alls á vorönn 2019** | | **36** | **376** | |







## SJÓNLISTADEILD



**Deildarstjóri: Einar Garibaldi Eiríksson**

Í sjónlistadeild eru að öllum jafnaði um 18 nemendur á hvoru ári listnámsbrautar og um 32 nemendur í fornámi eða samtals um 68 nemendur. Árið 2018 voru samtals 49 stundakennarar sem komu að kennslu við sjónlistadeild, en auk þeirra kom fjöldi fyrirlesara og annarra sérfræðinga að kennslunni. Einar Garibaldi Eiríksson var deildarstjóri í 100% starfi, sem skiptist í 80% stjórnun og 20% kennslu.

KENNSLA Á VORÖNN 2018 HÓFST 4. JANÚAR

### ÁFANGAR OG KENNARAR Á VORÖNN:

**Vorönn 2018**
Áfangar á fyrra ári listnámsbrautar
Íslenska II: Halla Kjartansdóttir
Enska II: Louise Harris
Listasaga II: Aldís Arnardóttir
Kvikmyndafræði II: Oddný Sen í samstarfi við Bíó Paradís
Menningarlæsi II: Jón B.K. Ransu
Módelteikning II: Sigga Björg Sigurðardóttir
Margmiðlun II: Dodda Maggý
Stærðfræði I: Ráðhildur Ingadóttir
Teikning II: Haraldur Jónsson og Sigga Björg Sigurðardóttir
Verkstæði I: Einar Garibaldi Eiríksson (Flötur), Lee Lorenzo Lynch og Kolbeinn Hugi Höskuldsson (Tími) og Guðrún Vera Hjartardóttir (Rými)
Möppugerð I: Kristín Bogadóttir
Líkamsrækt II / Jóga: Margrét M. Norðdahl

**Áfangar á síðara ári listnámsbrautar**
Menningarlæsi IV: Haraldur Jónsson
Íslenska IV: Ragna Sigurðardóttir
Listasaga IV: Heiðar Kári Rannversson
Hugmyndavinna III: Guðrún Ísaksdóttir

**Áfangar í fornámi**
Módelteikning II: Guðrún Vera Hjartardóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir
Listasaga VI: Ragna Sigurðardóttir
Sameiginlegir áfangar á síðara ári listnámsbrautar og í fornámi
Litafræði II: Eygló Harðardóttir, Susanne Bruynzeel og Sigtryggur B. Baldvinsson
Möppugerð III: Erling T.V. Klingenberg
Hugmyndavinna III: Erling T.V. Klingenberg
Margmiðlun IV: María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir (Vefhönnun), Laufey Elíasdóttir (S/H ljósmyndun), Kristín Bogadóttir (Stafræn ljósmyndun) og Dodda Maggý (Videó)
Teikning IV: Eygló Harðardóttir, Elsa D. Gísladóttir og Guðjón Ketilsson
Verkstæði II: Logi Bjarnason (Flötur), Lee Lorenzo Lynch (Tími), Örn Alexander Ámundason (Rými)
Verkstæði III / Lokaverk: Guja Dögg Hauksdóttir, Finnur Arnar Arnarson og Erling T.V. Klingenberg

Vorsýningin var haldin í húsnæði skólans að Hringbraut 121. Þar sýndu nemendur fyrra árs listnámsbrautar verkefnavinnu sína úr íslensku á meðan útskriftarnemendur listnámsbrautar og í fornámi sýndu sjálfstæð verk sem þau unnu í áfanganum Verkstæði III - Lokaverk.

Brautskráningarathöfn skólans fór fram að Kjarvalsstöðum þar sem 46 nemendur brautskráðust, 16 nýstúdentar af listnámsbraut og 30 nemendur úr eins árs fornámi.

Inntökupróf fyrir skólaárið 2018-19 var haldið í byrjun júní. Eygló Harðardóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir og Einar Garibaldi Eiríksson mátu úrlausnir og völdu inn nemendur. Teknir voru inn 18 nemendur á fyrra ár listnámsbrautar og 32 í fornámið, auk þess sem

16 nemendur héldu áfram námi frá síðasta skólaári á seinna ári listnámsbrautar. Alls hófu því 66 nemendur nám á haustönn 2018.

## HAUSTÖNN 2018

Kennsla hófst 20. ágúst og lauk fyrstu kennsluvikunni með sameiginlegu skólaferðalagi og vinnuferð allra nemenda deildarinnar til Hveragerðis. Í haustbyrjun kom franski gestalistamaðurinn Caroline Bouissou í heimsókn og var með vinnustofu fyrir nemendur á fyrsta ári sem hún kallaði „We All Have Seven Million Years“. Verkefnið fjallaði um minni og var m.a. unnið í samvinnu við öldrunarheimili, háskóla, söfn og aðrar stofnanir. Námskeiðinu lauk með sýningu á verkefnum nemenda í Þjóðmenningarhúsinu. Í október fóru nemendur á seinna ári listnámsbrautar í skólaferðalag til Aþenu. Á ferðalaginu heimsóttu þau m.a. skóla, söfn og sýningar og kynntust listamönnum á vinnustofum sínum, en ferðin var hluti af áföngum í módeli og menningarlæsi. Nemendur unnu að verkefnum undir handleiðslu Erling T.V. Klingenberg sem jafnframt var fararstjóri hópsins.

## ÁFANGAR OG KENNARAR Á HAUSTÖNN:

**Áfangar á fyrra ári listnámsbrautar**
Hugmyndavinna I: Guðrún Vera Hjartardóttir
Teikning I: Elín Helena Evertsdóttir
Íslenska I: Haraldur Jónsson
Margmiðlun I: Laufey Elíasdóttir,
Kristín Bogadóttir og Spessi
Stærðfræði I: Ragnar Már Nikulásson
Menningarlæsi I: Einar Garibaldi
Listasaga I: Ástríður Magnúsdóttir
Kvikmyndafræði I: Oddný Sen í
samstarfi við Bíó Paradís
Heilsurækt I / Jóga: Margrét M. Norðdahl
Áfangar á síðara ári listnámsbrautar
Bókagerð: Sigrún Sigvaldadóttir
Hugmyndavinna II: Erling T.V. Klingenberg
Enska II: Louise Harris
Teikning III: Margrét H. Blöndal
Starfsumhverfi II: Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir
Módel III: Brynhildur Þorgeirsdóttir,
Erling T.V. Klingenberg
og Elsa D. Gísladóttir
Margmiðlun III: Dodda Maggý
Möppugerð II: Magnús V. Pálsson
og María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir
Listasaga III: Aldís Arnardóttir
Menningarlæsi III: Susanne Bruynzeel
Íslenska III: Halla Kjartansdóttir
og Ragnar Már Nikulásson
Áfangar í fornámi
Teikning I: Elsa D. Gísladóttir og Karlotta Blöndal
Hugmyndavinna I: Örn Alexander Ámundason
og Una Margrét Árnadóttir
Margmiðlun I: Laufey Elíasdóttir, Kristín
Bogadóttir og Einar Garibaldi Eiríksson
Bókagerð: Guðrún Ísaksdóttir
Margmiðlun II: Dodda Maggý
Möppugerð: Magnús V. Pálsson og
María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir
Starfsumhverfi: Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir
Listasaga V: Ragna Sigurðardóttir
Listheimspeki og menningarlæsi I: Jón B.K. Ransu

**Sameiginlegir áfangar á fyrra ári listnámsbrautar og í fornámi**
Módelteikning I: Anna C. Leplar, Guðrún Vera Hjartardóttir, Linda Ólafsdóttir, Sigga Björg Sigurðardóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir
Litafræði I: Sigtryggur Bjarni Baldvinsson,
Susanne Bruynzeel og Þórunn María Jónsdóttir
Formfræði I: Guja Dögg Hauksdóttir,
Ingólfur Arnarsson og Unnar Örn Auðarson
Formfræði II: Guja Dögg Hauksdóttir, Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Ragnar Már Nikulásson
Síðasti kennsludagur fyrir jólafrí var
föstudagur 14. desember.

ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018

**KENNSLA Á VORÖNN 2019 HÓFST 3. JANÚAR.**

Deildarstjóri sjónlistadeildar, Einar Garibaldi Eiríksson var í leyfi frá lokum febrúar og Þórunn María Jónsdóttir leysti hann af út önnina.

## ÁFANGAR OG KENNARAR Á VORÖNN 2019:

**Fyrra ár listnámsbrautar**
Íslenska II: Halla Kjartansdóttir og Linda Ólafsdóttir
Enska II: Louise Harris
Listasaga II: Aldís Arnardóttir og Guja Dögg Hauksdóttir
Kvikmyndafræði II: Oddný Sen
í samstarfi við Bíó Paradís
Menningarlæsi II: Jón B.K. Ransu
Módelteikning II: Margrét H. Blöndal
Margmiðlun II: Dodda Maggý
Stærðfræði I: Ráðhildur Ingadóttir
Teikning II: Sigríður Björg Sigurðardóttir
Verkstæði I: Guðrún Vera Hjartardóttir (Rými),
Lee Lorenzo Lynch (Tími) og Logi Bjarnason (Flötur)
Möppugerð I: Kristín Bogadóttir
Heilsurækt II / Jóga: Margrét M. Norðdahl

**Eingöngu á síðara ári listnámsbrautar**
Menningarlæsi IV: Haraldur Jónsson
og Ragnar Már Nikulásson
Stærðfræði II: Ráðhildur Ingadóttir
Íslenska IV: Ragnheiður Sigurðardóttir
Listasaga IV: Ástríður Magnúsdóttir
Hugmyndavinna III: Veronika Geiger
Möppugerð III: Einar Garibaldi Eiríksson
Eingöngu í fornámi
Módelteikning II: Guðrún Vera Hjartardóttir
og Sólveig Aðalsteinsdóttir
Listasaga VI: Ragna Sigurðardóttir
Möppugerð III: Erling T.V. Klingenberg
Hugmyndavinna III: Unnar Örn Jónasson Auðarson
og Haraldur Jónsson

**Á síðara ári listnámsbrautar og í fornámi**
Litafræði II: Eygló Harðardóttir, Susanne Bruynzeel
og Sigtryggur B. Baldvinsson
Margmiðlun IV: Veronika Geiger, Baldur Björnsson,
Dodda Maggý og Kristín Bogadóttir
Teikning IV: Sólveig Aðalsteinsdóttir,
Elsa D. Gísladóttir og Guðjón Ketilsson
Verkstæði II: Marta María Jónsdóttir (Flötur),
Kolbeinn Hugi Höskuldsson (Tími), Örn
Alexander Ámundason (Rými)
Verkstæði III / Lokaverk: Guja Dögg Hauksdóttir,
Finnur Arnar Arnarson og Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir

Á vorsýningu skólans sem haldin var í húsnæði skólans að Hringbraut 121 sýndu nemendur fyrra árs verkefnavinnu sína úr íslensku og útskriftarnemendur listnámsbrautar og í fornámi sýndu sjálfstæð verk unnin í áfanganum Verkstæði III - Lokaverk.

Brautskráningarathöfn skólans fór fram að Kjarvalsstöðum þann 23. maí þar sem 38 nemendur brautskráðust, 13 nýstúdentar af listnámsbraut og 30 nemendur úr eins árs fornámi (sjá lista yfir brautskráða nemendur aftast í skýrslunni).

Inntökupróf fyrir skólaárið 2019-20 var haldið með hefðbundnum hætti 29. maí en auk þess var boðið upp á að taka það með rafrænum hætti. Prófið var þrískipt: teikniverkefni/uppstilling sem jafnframt þurfti að lita með vatnslit, frjálst verkefni út frá kveikju og áhugasviðskönnun þar sem umsækjendur sögðu frá eftirminnilegum listamanni, sýningu eða viðburði. Umsækjendur skiluðu því til viðbótar heimaverkefni sem fólst í því að teikna útsýn um glugga. Eygló Harðardóttir og Elsa Dóróthea Gísladóttir önnuðust inntökuferlið.










# MÁLARALIST

**Deildarstjóri: Jón BK Ransu**

VOR 2018

D ÖNN - SAMRÆÐA VIÐ SAMTÍMANN

Fyrsti hópur nýrrar listmálarabrautar lauk tveggja ára námi á önninni. Námið var ár í undirbúningi og byggir á samskonar hugmyndum og annað viðbótarnám við skólann; áhersla er lögð á handverk, efnistök og aðferðir við miðilinn og að tengja hefðbundna þekkingu í listgreininni við samtímann í bland við hugmyndavinnu og fræðilegt nám sem tengist greininni.

Hver önn er byggð upp á ákveðnu þema. Lokaönnin fjallaði að mestu um að skoða og tengja málverkið samtímanum. Í efni og aðferðum kenndi Aron Reyr Sverrison aðferðir til að styðjast við ljósmyndatækni í málverki, Erla Haraldsdóttir kenndi stafrænt málverk og aðferðir við að nýta stafræna tækni til að undirbúa málverk. Norska listakonan Ebba Bring kenndi vatnslitatækni og enski listmálarinn Simon Nichols kenndi áfanga í uppstillingu eða kyrralífsmálverki. Þorri Hringsson sá um módelmálun og Kristinn G. Harðarson um hugmyndavinnu. Listfræði var í höndum Jóns B. K. Ransu og Heiðars Kára Rannverssonar og var fjallað um samtímamyndlist. Hulda Stefánsdóttir og Jón B. K. Ransu skiptu með sér málstofum þar sem nemendur heimsóttu m.a. sýningar og rýndu í þær. Erla Þórarinsdóttir kenndi verkstæði í blandaðri tækni og Kristín Gunnlaugsdóttir fylgdi nemendum gegnum lokaverkstæði fyrir lokasýningu.

Aðalsteinn Ingólfsson heimsótti nemendur í tvígang, annars vegar til að halda fyrirlestur og hins vegar til að rýna í verk þeirra.

Vorsýningin opnaði 10. maí og sýndur nemendur listmálarabrautar í stofum málara- og teiknibrauta. Viku síða opnuðu þau einnig sýningu í Gallerí listamönnum í Reykjavík.

HAUST 2018

A ÖNN - KLASSÍSKAR AÐFERÐIR

Haustið 2018 hóf nýr nemendahópur nám í málaralist. Inntökunefnd skipuðu Jón B. K. Ransu, Kristín Gunnlaugsdóttir og Logi Bjarnason. Þetta er annar hópurinn sem sinnir þessu nýja námi við skólann. Ákveðið var að fjölga nemendum úr 9 í 14 og til þess að geta hýst fjöldann skipti deildin um stofu við teiknibrautina. Þá var kaffistofa starfsfólks flutt til og rýminu bætt við stofu málarabrautar. Nýja stofa er bæði stærri og hentugri í laginu en sú eldri, t.d. fyrir módelmálun og uppstIllingar.

Eins og áður er hverri önn skipt í tvo hluta. Á fyrri hluta tileinka nemendur sér ýmsar grunnaðferðir, tækni og efnistök og leysa verkefni sem kennarar leggja fyrir. Á seinni hluta vinna nemendur sjálfstætt og beita þá þeirri þekkingu og hæfni sem þeir hafa öðlast í vinnu með eigið myndmál.

Á haustönn var unnið með klassískar aðferðir. Byrjað var frá grunni. Nemendur lærðu að búa til eigin olíuliti undir dyggri leiðsögn Bjarna Sigurbjörnssonar og kynntust áhrifum hinna ýmsu íblöndunarefna á olíu og akrílliti. Bjarna var svo fylgt eftir af Mörtu Maríu Jónsdóttur sem fór yfir helstu aðferðir í gerð vatnslitamálverka og Þorri Hringsson fór yfir beitingu áhalda í olíumálverki er nemendur máluðu uppstillingu. Norska listakonan Julie Arntzen kom og kenndi íkonamálverk sem lauk með lítilli sýningu og kynningu Timurs Zolotuskiys, prests rússnesku réttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi, á táknfræði íkonamynda. Kristín Gunnlaugsdóttir kenndi módelmálun og Kristinn G. Harðarson leiðbeindi í hugmyndavinnu. Málstofur voru í höndum Jóns B. K. Ransu, Jóna Hlíf Halldórsdóttir hélt utan um námskeið um starfsvettvang og listfræði var kennd af Jóni Proppé og Önnu Jóa. Anna Jóa lagði sérstaka áherslu á náttúrumyndina og endaði fræðiáfangann með verklegri kennslu um sama efni. Þá var Sigtryggur Bjarni Baldvinsson með áfanga þar sem áhersla var lögð á landslagið og Þórdís Aðalsteinsdóttir sá um lokaverkstæði annarinnar. Skóla lauk 14. desember.



ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018

VOR 2018

B HLUTI – LÍKAMI MÁLVERKSINS

Þemað á vorönn 2019 var líkaminn. Jafnt mannslíkaminn sem líkamleiki málverksins, hold þess og hvernig efni hegðar sér á misjöfnum grunni og með mismunandi áhöldum.

Önnin byrjaði á vatnslitanámskeiði Kristbergs Ó. Péturssonar. Við tók svo námskeið í íblöndun efna hjá Guðrúnu Einarsdóttur. Marta María Jónsdóttir fór svo yfir reglur í litafræði og myndbyggingu og suður afríska listakonan Lucy Jane Turbin tók fyrir mannslíkamann í málverki og teikningu, annars vegar sem fyrirmynd en líka hvernig listamaðurinn sjálfur notar eigin líkama við myndsköpun. Svanborg Matthíasdóttir kenndi þá módelmálun með áherslu á anatómíu. Norski listmálarinn Geir Yettervik kenndi stuttan kúrs um frásagnarmálverk og Þrándur Þórarinsson kenndi að mála sjálfsmyndir. Samhliða því stýrði Kristín Gunnlaugsdóttir hugmyndavinnu þar sem einnig var lögð áhersla á sjálfsmyndina, þó ekki sem fyrirmynd heldur út frá tilfinningum og táknmyndum.

Valur Brynjar Antonsson sá um málstofur á önninni. Í listfræði kom Aðalsteinn Ingólfsson sem gestafyrirlesari en annars var listfræðin kennd af Jóni B. K. Ransu sem fór yfir bókina Málverkið sem slapp út úr rammanum. Þá voru sérstakir tímar listfræðinnar helgaðir hollenskri listasögu til undirbúnings utanlandsferðar deildarinnar til Hollands.

Hollandsferðin var vafalaust hápunktur annarinnar. Hópurinn flaug til Schphol 18. mars og dvaldi í Haag fyrstu 6 daga ferðarinnar. Í Haag heimsóttu þau Mauritshuis, Gemengde Museum, Panorama Mesdag og Escher safnið. Frá Haag fór hópurinn í dagsferðir til annarra borga. Í Rotterdam heimsóttu þau Boijmans safnið, Witte de With og Kunsthal Rotterdan, í Eindhoven var það Van Abbe Museum, í Tilburg de Pont Museum, í Wassenaar sáu þau Museum Voorlinden og í Centraal Museum í Utrecht var skoðuð sýning tileinkuð Caravaggio. Einnig heimsóttu nemendur listaskóla í Utrecht og Haag. Ferðin stóð yfir í 13 daga og seinni 7 dagana var gist í Amsterdam. Þar heimsóttu nemendur Van Gogh Museum, Steedelijk Museum og Ríkislistasafnið, en þar var sérstök sýning vegna afmælis Rembrandts. Einnig var farin dagsferð til Haarlem til að skoða De Hallen og Frans Hals Museum. Í ferðinni voru lögð ýmiss verkefni fyrir nemendur, t.d. var farið á sömu slóðir og Johannes Vermeer málaði útsýni yfir Delft og máluðu nemendur þetta sama sjónarhorn nú tæpum 370 árum síðar. Hollenska listakonan Mieke Marx leiddi nemendur um Rembrandtdhuis þar sem þau skoðuðu grafíkverkstæði meistarans og fengu fræðslu um aðferðir hans áður en þau unnu sjálf grafíkverkefni með listakonunni.

Ferðin, sem var styrkt af Erasmus+, var í samstarfi við Stichting 59 Poort, sem eru samtök um vinnustofur listamanna í Amsterdam. Gegnum samtökin heimsóttu nemendur 5 vinnustofur starfandi listamanna í Hollandi. Einn þeirra, Gé Karel Van der Sterren, flaug svo heim með hópnum og kenndi lokaverkstæði í máladeildinni þar sem áhersla var lögð á verk undir áhrifum Hollandsferðarinnar. Önninni lauk svo með vorsýningu skólans sem opnaði 9. maí.










# KERAMIK

**Deildarstjóri: Sigurlína Osuala**

## VORÖNN 2018: D-HLUTI - FRAMLEIÐSLA

**D hluti** skiptist í 4 áfanga:
Hugmyndavinna, gifsmótagerð, hönnun og framleiðslu og nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

**Kennarar: Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir, Jens Pfotenhauer, Kristín María Sigþórsdóttir og Sigurlína Osuala.**

**Fyrirlesarar:** Hönnuðurnir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, Hrafnkell Birgisson, Þórunn Árnadóttir, myndlistakonan Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Pam Smy myndskreytir og rithöfundur héldu fyrirlestra um eigin feril og verk með áherslu á vinnuferli í þróun hugmynda. Eyrún Sigurðardóttir hélt fyrirlestur um skapandi ferli og danski textílhönnuðurinn Rosa Tolnov Clausen kynnti í fyrirlestri sínum samstarfsverkefni um handvefnað í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Japan og Suður Kóreu.









Keramiknemar fóru á DesignTalk á Hönnunarmars og í vinnustofuheimsókn til Ólafar Erlu Bjarnadóttur keramikhönnuðar.

**Nemendur:** Ellefu nemendur stunduðu nám á önninni og luku níu 23 einingum, ígildi 30 ECTS eininga. Einn nemandi hætti námi og annar féll í tveimur áföngum. Fimm nemendur útskrifuðust um vorið. Þrír nemendur halda áfram námi við deildina á haustönn 2018.

Umsjónarkennarar í hugmyndavinnu og hönnun og framleiðslu, voru **Kristín María Sigþórsdóttir og Sigurlína Osuala.** Í þeim áföngum var áhersla lögð á framleiðslu og teymisvinnu. Sett var upp keramikverksmiðja innan skólans og unnu nemendur sem hönnunarteymi fyrir verksmiðjuna. Teymið þróaði hugmyndafræði verksmiðjunnar og sérkenni hennar. Grandinn var starfsvettvangur verksmiðjunnar og var hann og fyrirtækin sem þar eru skoðuð og kortlögð ásamt sögu Grandans og upplifun af svæðinu. Út frá greiningunni fór af stað þróun, hönnun og framleiðsla á vörulínu. Nemendur fóru í gegnum allt framleiðsluferlið þ.e.a.s. frummóta- og gifsmótagerð, fjölföldun móta, steypuferli, glerjun og brennslu.

Nemendur höfðu hver sitt hlutverk í framleiðsluferlinu og var hlutverkum reglulega ,,róterað" þannig að allir fengju að spreyta sig á öllum sviðum. Þetta fyrirkomulag var bæði lærdómsríkt og erfitt, þar sem mikið reyndi á samvinnu. Í gifsmótagerð lærðu nemendur að gera gifsmót fyrir fyrir leir og postulín sem ætluð eru fyrir framleiðslu en þau geta verið flókin að gerð. **Jens Photenhauer** kenndi þann áfanga. **Bjarnheiður Jóhannsdóttir** kenndi áfangann nýsköpun og stofnun fyrirtækja sem var að þessu sinni sérstaklega sniðinn að verksmiðjunni. Prófdómari í lok annar var **Búi Bjarmar Aðalsteinsson.** Afraksturinn af framleiðslu keramikverksmiðjunnar var sýndur sem lokaverkefni allra nemenda á vorsýningu. Sýningin tókst vel og vöktu verk og uppsetning sýningarinnar mikla athygli gesta.

Keramikdeildin tók þátt í Hönnunarmars og voru nemendur með sýninguna „Textalýsing // Hlutur" í Kirsuberjatrénu. Á sýningunni sýndu nemendur verk sem unnin voru út frá textalýsingum á fornum leirhlutum. Öll túlkum við orð og setningar á mismunandi vegu og út frá því urðu til nýir hlutir en þó tengdu orðin nýju hlutina við þá gömlu.

Keramikdeildin fékk kanadiskann skiptinema frá keramikdeildinni í Kootenay School of the Arts í Selkirk College. Skiptinámið var lokaáfangi í diplómanámi og heitir áfanginn KSA 290 Self-Directed Studio. Nemandinn vann sjálfstætt verkefni undir leiðsögn **Bjarnheiðar Jóhannsdóttur** og tók þátt í áfanganum gifsmótagerð.

**Keramikbrautin** hóf að starfa eftir nýrri brautalýsingu sem staðfest hefur verið af menntamálaráðherra. **A hluti** skiptist í 8 áfanga:



ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018

Hugmyndavinna (HUGM4HJ05), inngangur að rennslu (KERA4IR01), handmótun (KERA4HJ10), íslensk jarðefni (KERA4ÍJ05), teikning og keramik (TEIK4TS01), málstofa (MÁLS4HJ03), fagsaga keramiks (SAGA4KU03) og listasaga (LIST4NL02).

**Kennarar: Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir, Búi Bjarmar Aðalsteinsson, Erna E. Skúladóttir, Inga Ragnarsdóttir, Katrín V. Karlsdóttir, Ragna Sigurðardóttir, Sigurlína Osuala, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Svafa Björg Einarsdóttir, Valur B. Antonsson og Þuríður Ósk Smáradóttir**

**Fyrirlesarar:** Myndlistakonan **Anna Hallin** hélt fyrirlestur um eigin feril og verk með áherslu á hugmyndaferli og þróun hugmynda. Jarðfræðingurinn **Snæbjörn Guðmundsson** kynnti nemendum jarðfræði út frá myndun leirs og aðstæðna á Íslandi. **Christine Boland** trend spámaður hélt fyrirlestur um strauma og stefnur og **Anna Sigurðardóttir** námsráðgjafi hélt fyrirlestur um ábyrgð á eigin námi og því hvernig maður tekur gagnrýni. Keramikbrautin fór á fyrirlestur í LHÍ þar sem myndlistakonan **Eygló Harðardóttir** sagði frá sínum ferli og verkum. **Sigurlína Osuala** hélt fyrirlestur um handmótun og lágbrennt keramik.

Keramikbrautin fór í vinnustofuheimsókn til **Guðjóns Ketilssonar** myndlistamanns. Einnig var myndlistakonan **Tosca Teran** heimsótt en hún var gestalistamaður hjá Leirlistafélaginu á Korpúlfsstöðum. Keramiknemendur tóku í þátt að brenna svokallaða Obvara brennslu með Teran. Einnig hélt Tosca Teran fyrirlestur í MíR sem var opinn öllum. Nokkrar sýningar voru heimsóttar á önninni.

Í áfanganum fagsaga keramiks var rakin saga keramiks/ leirmunagerðar frá upphafi 25-30.000 árum fyrir Krist til iðnbyltingar. Kennarar áfangans voru **Brynhildur Pálsdóttir, Erna Elínbjörg Skúladóttir** og **Sigurlína Osuala. Inga Ragnarsdóttir** hélt fyrirlestra um sögu íslenskra leirlistar.

**Bjarnheiður Jóhannsdóttir** kenndi áfangann íslensk jarðefni. Í upphafi áfangans var farið í vettvangsferð þar sem m.a. var farið í Dalasýslu þar sem grafinn var upp leir og margvíslegum steinefnum safnað til leirgerðar. Þá var farið í heimsóknir til **Sigríðar Erlu** í Leir 7 á Stykkishólmi og að Nýp á Skarðsströnd. Vettvangsferðin hófst á málstefnu þar sem fjallað var um notkun íslenskra jarðefna sem hráefni í íslensku keramiki í gegnum tíðina, sem og sýndar rannsóknarniðurstöður. Málstefnan var haldin af **Bjarnheiði Jóhannsdóttur** og fór hún fram í félagsheimilinu Árbliki. Í málstofu fóru fram ýmsir fyrirlestrar og sýningar-heimsóknir. Valur Antonsson sá um akademísk skrif en þar fóru nemendur m.a. í sýningarheimsókn og skrifuðu greinagerð um sýninguna. Þrjár málstofur undir stjórn **Ernu Elínbjargar Skúladóttur** fjölluðu um leir sem viðfang og hráefni í listsköpun. Nemendur skoðuðu efnisnotkun, efnisval og nýtingu hráefna út frá þremur tengdum þemum: EFNISKENND - STAÐUR/JÖRÐ - HVERFULLEIKI.

Í áfanganum hugmyndavinna var unnið með trúarbrögð og trúarathafnir í víðum skilningi. Nemendur útfærðu síðan hugmyndir sínar í leir í áfanganum handmótun.

**Nemendur:** Fjórtán nemendur stunduðu nám á önninni og luku allir 30 einingum. Einn nemandi hætti námi í lok annar. Prófdómari í lok annar var **Rúna Thors.**

## VORÖNN 2019: B-HLUTI - RENNSLA

**B hluti** skiptist í 8 áfanga:
Rennsla (KERA4RS06), verkstæði (KERA4VR06), inngangur að gifsmótagerð (KERA4IG03), inngangur að glerungaefnafræði (KERAIE02), náms- og starfsval (NÁMS4NF05), málstofa (MÁLS4RT03),hönnunarsaga (HÖNS4AH03) og fagsaga (SAGA4KF02)

**Kennarar: Arnbjörg Drífa Káradóttir, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir, Erna E. Skúladóttir, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, Hanna Dís Whitehead, Henrik Rasmussen, Ólöf Erla Bjarnardóttir, Valur B. Antonsson og Þuríður Ósk Smáradóttir.**

**Nemendur:** Þréttán nemendur stunduðu nám á önninni og luku ellefu 30 einingum, einn lauk 16 einingum og annar 13 einingum. Einn nemandi hætti námi í lok annar. Þrír nemendur útskrifuðust en níu nemendur halda áfram námi við deildina á haustönn 2019.

Í málstofu fóru fram ýmsir fyrirlestrar og sýningarheimsóknir. Meðal fyrirlesara var enski keramikerinn **Julian Stair.** Sýningarheimsóknir voru farnar á eftirfarandi sýningar; **Haraldur Jónsson** - Róf á Kjarvalsstöðum. **Rósa Gísladóttir** í Berg Contemporary. **Kristín Garðarsdóttir** í Hafnarborg.

Keramiknemar fóru á DesignTalk á Hönnunarmars og í vinnustofuheimsókn til **Ólafar Erlu Bjarnadóttur** keramikhönnuðar.

**Bjarnheiður Jóhannsdóttir** og **Sigurlína Osuala** kenndu glerungaefnafræðina.

Farin var tveggja vikna námsferð til Englands en hún var styrkt af námsáætluninni Erasmus+. Markmiðið með ferðinni var að kynna menntakerfið fyrir nemendum og var farið í heimsóknir í ýmsa háskólar, söfn og til listamanna. Áhersla í vinnu annararinnar var mestmegnis á rennslu. Hugmyndavinna var unnin meðfram og í nánum tengslum við rennsluna. Nokkur verkefni voru meginuppistaðan í vinnu annarinnar. Þau voru unnin samhliða út frá rennslutækni og hugmyndavinnu. Lögð var áhersla á að fá nokkra keramikera til að kenna rennslu en gott er fyrir nemendur að læra mismunandi aðferðir. Auk íslensku keramikeranna kom Henrik Rasmussen frá Danmörku og kenndi í eina viku. Prófdómari á rennsluverkefninu var **Sólveig Aðalsteinsdóttir.**

Þeir nemendur sem útskrifuðust í lok annar unnu sjálfstætt verkefni sem þeir sýndu á vorsýningu skólans. Leiðbeinandi verkefnisins var **Erna Elínbjörg Skúladóttir.** Prófdómari útskriftarverkefna var **Þóra Sigurðardóttir.**

Einn nemandi fór í starfsnám til Frakklands frá aprílbyrjun fram í júní. Leiðbeinandi í starfsnáminu var **Marie- Anne Saint-Hubert** en hún rekur fyrirtækið Mash Design í Limoges. Áhersla var á gifsmótagerð og vinnslu á postulíni.

Í júní var í skólanum haldin tveggja vikna alþjóðleg vinnustofa sem bar nafnið Mid-Atlantic Keramik Exchange. Tuttugu og einn listamaður frá Íslandi, Bretlandi, Finnlandi, Kanada og Norður-Ameríku unnu hlið við hlið að gerð keramikverka og deildu hugmyndum, tækni og reynslu.

Vinnustofan var skipulögð af **Sigurlínu Margréti Osuala** (IS) og **Andy Shaw** (US) og stuðlaði hún að samtali um hugmyndir milli listamannanna um leið og þeir unnu saman. Flestir voru að hittast í fyrsta skiptið en tengslin styrktust á meðan á vinnustofunni stóð og munu hafa varanleg áhrif utan landamæra eftir að listamennirnir hurfu aftur til síns heima.

Unnið var fyrst og fremst í leir og verkin voru allt frá nytjahlutum til skúlptúra. Afrakstur vinnustofunnar var sýndur í Norræna húsinu.







ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018





## TEIKNING

**Deildarstjóri: Anna C Leplar**

**D-hluti, vorönn 2018**

**D hluti** skiptist í 4 áfanga: Samvinna, Tjáning og miðlun, Sjálfstætt lokaverkefni og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

**Kennarar: Anna C Leplar, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Bjarni Hinriksson, Friðgeir Kristjánsson, Gerður Kristný, Jóhann L. Torfason, Jón Karl Helgason og Kristín Ragna Gunnarsdóttir.** Gestakennari á önninni var **Pam Smy,** verðlaunaður myndskreytir, myndasöguhöfundur og kennari á meistarastigi í myndskreytingum fyrir barnabækur hjá Cambridge School of Art í Bretlandi.

**Nemendur:** 15 nemendur luku 30 einingum. Á önninni var áhersla lögð á tjáningu og túlkun í gegnum myndir, myndasögugerð, sjálfstæða verkefnavinnu og mikla hóp- og samvinnu. Nemendur unnu jafnt og þétt í sjónrænum dagbókum. Farið var yfir þær nær vikulega alla önnina, ýmist maður á mann eða í hóp. Sú vinna skilaði sér í auknu öryggi í teikningu og myndrænni tjáningu á öllum sviðum.

Mikill tími fór í handritagerð, texta- og hugmyndavinnu. Undir leiðsögn rithöfunda greindu nemendur mismunandi bókmenntatexta í þeim tilgangi að þjálfa upp næmi fyrir því hvað mikilvægt er að velja úr texta til að myndskreyta.

Margir kennarar komu við sögu til að þjálfa upp frásagnartækni nemenda. Verkefni tengd sjónvarpsgrafík og vinna á hefðbundnu grafíkverkstæði þjónuðu því hlutverki að víkka út miðlunarmöguleika nemenda. Nemendur greindu texta úr Íslendingasögum og gerðu eigin myndasögu út frá efninu. Gestakennarinn, Pam Smy lagði áherslu á að dýpka karaktersköpun nemenda og skerpa áherslupunkta varðandi sögusvið í hefðbundinni myndasögugerð.

Í sjálfstæðu lokaverkefni umbreyttist kennslustofan í verkstæði eða vinnustofu. Hver nemandi lagði fram hugmynd og verkáætlun og vann svo sjálfstætt undir handleiðslu deildarstjóra og kennara fyrri anna og mentora úti í bæ. Einstaklingsvinnan var brotin upp af og til með beinni kennslu eða verkefnum þegar listamenn/fræðimenn/höfundar voru fengnir inn.

Nemendur sóttu vikulega tíma í Nýsköpun og stofnun fyrirtækis ásamt nemendum í keramik og textíl.

Á vorsýningu skólans sýndu allir nemendur lokaverkefni. Að útskrift lokinni fór einn nemandi til náms í illustration í samstarfsskóla deildarinnar Leeds Arts University. Annar komst í illustration nám í National College of Art and Design í Dublin. Þriðji fór í árs nám í myndasögugerð við l'École Européene Supérieure de l'Image (ÉESI) í Angoulême. Tveir búa sig undir að sækja um í Animation Workshop í Danmörku. Einn hefur samið við forlag um að gefa út barnabók sem hann vann sem lokaverkefni frá skólanum.

**A-hluti, haust 2018**

**A hluti - Myndheimur** Í fyrsta sinn var kennt samkvæmt nýrri brautarlýsingu sem staðfest hefur verið af menntamálaráðuneytinu. Eftir sem áður eru áherslur annarinnar svipaðar en gróflega skiptist hún í 2 aðaláfanga: Módelteikningu og umverfi og Efni og aðferðir í teikningu. Einnig styttri áfanga: Sjónrænar dagbækur, listasögu, inngangsáfanga í heimspeki og málstofu. Viðvera kennara var að jafnaði frá kl. 8:30 til kl 15:00.

**Kennarar: Anna C. Leplar, Benjamin Chaud, Bjarni Hinriksson, Brian Pilkington, Eygló Harðardóttir, Halldór Baldursson, Jón Baldur Hliðberg, Jón Proppé, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Linda Ólafsdóttir, Margrét Blöndal, Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Sigga Björg Sigurðardóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Valur Antonsson, Þorri Hringsson, Þóra Sigurðardóttir.** Gestakennarar á önninni var **Martin Fowler** frá University of Cumbria.

Nemendur: 16 nýir nemendur luku 30 einingum.








Nemendur kynntust mikilvægi þess að nota skissubók en sjónrænar dagbækur voru sem rauður þráður gegnum alla önninna. Nemendur hlutu mikla þjálfun í módel- og hlutateikningu í áföngum sem teygðu sig yfir alla önninna og fengu með því innsýn í margslungna eiginleika teikningarinnar hvort sem um var að ræða módel, hluti eða umhverfi. Þá þekkingu nýttu þau sem grunn við gerð fjölbreyttra myndheima. Fjölmargir kennarar komu að kennslunni til að gefa sem víðasta sýn.

Nemendur aðstoðuðu listamenn á vinnustofum í tengslum við alþjóðlegu barnabókahátíðina Mýrina sem er haldin á tveggja ára fresti í Norræna húsinu og skrásettu hátíðina í myndum fyrir ýmsa samfélagsmiðla. Einn aðalgesturinn á hátíðinni, barnabókahöfundurinn og myndskreytirinn **Benjamin Chaud,** kenndi við deildina í 3 daga.

Unnið var með fornrit, teikningar úr handritum miðalda og mannslíkaminn og fjarvíddarrými skoðað gegnum listasöguna. **Martin Fowler** frá Cumbríu leiddi nemendur gegnum ýmsa tækni í vinnu með eigin hugarheim. Mikilvæg reynsla að fá kennara í deildinna sem kennir við samvinnuháskóla deildarinnar.

Nemendur fengu innsýn í tækni tveggja þekktustu myndskreyta á Íslandi, **Brians Pilkington** og **Jóns Baldurs Hlíðberg.** Ennfremur kynntust nemendur einföldum grafískum aðferðum.

Nemendur tóku inngangsáfanga í heimspeki á önninni og sóttu tíma í listasögu með nemendum listmálarabrautar. Í málstofutímum var spjallað um bækur og tækni og teiknarar komu í heimsókn.

**B-önn vor 2019**

**B-hluti Frásögn** skiptist í áfangana: Myndræn frásögn, Letur og mynd, Ævintýri og Rannsóknir og heimildir, Stafræn myndvinnsla (Photoshop), Sjónræn dagbók og Saga teiknilistarinnar. Málstofa var haldin reglulega, bæði á heimavelli og í útlendum en farið var í námsferð til Evrópu.

**Kennarar: Anna C Leplar, Bjarni Hinriksson, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Halldór Baldursson, Lucy Turpin,** myndlistamaður og gestakennari frá Suður Afríku, **Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Linda Ólafsdóttir, Magnús Valur Pálsson, Ragnheiður Gestsdóttir og Alexis Deacon,** margverðlaunaður myndasöguhöfundur og myndskreytir sem kom frá Bretlandi til að kenna í deildinni í fimmta sinn. **Nemendur:** 15 nemendur luku 30 einingum.

Á B önn er lögð áhersla á að myndgera hugmyndaheima, á karaktersköpun, frásagnarmátt myndarinnar, skapandi skrif og myndskeið. Kafað er í heim ævintýra, íslenskra og erlendra, unnið með letur á myndrænan hátt og grundvallaratriði í notkun Photoshop og umbrotsforrita eru kennd. Verkefni taka flest mið af aðfengnum texta og er nemendum ætlað að sýna fram á hæfni til að takast á við ólík markmið, markhópa og stíla.

Nemendur kynntust heimildaleit og vinnu með sannsögulegt efni í verkefninu Eftirlýstir Íslendingar á 17. og 18. öld sem byggði á textum sem Daníel G. Daníelsson sagnfræðinemi við HÍ hefði safnað saman úr Alþingisbókum Íslands. Sólveig Davíðsdóttir frá HÍ og Halldóra Jónsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar veittu nánari innsýn í tungumál og daglegt líf á þessum tímum. Hver nemandi myndskreytti tvær lýsingar og var afraksturinn sýndur í HÍ. Sýningin vakti mikla athygli og var fjallað um hana á tveimur sjónvarpstöðum. Minjasafnið á Akureyri fékk sýninguna norður og til stendur að hún fari víðar. Í verkefninu var unnið með frásögnina í gegnum margvíslega teiknimiðla og aðferðir, ljós og lýsingu, myndbyggingu, andrúmsloft og stemningu.

Námsferðinn 2019 var farinn til Bretlands. **Kennararnir Anna C Leplar,og Bjarni Hinriksson** höfðu umsjón með verkefninu og fóru með hópnum. **Áslaug Thorlacius** skólastjóri var einnig með hópnum fyrri vikuna. Þeir skólar sem heimsóttir voru: Glasgow School of Art, University of Cumbria, Leeds Arts University, University of the Arts Bournemouth, University of the Creative Arts í Farnham og Central St Martins í London. Nemendur heimsóttu ýmis söfn og sýningar og skissubókin var í stöðugri notkun. Ferðin var nemendum mikill innblástur og lokapunkturinn var sýning á úrvinnslu úr henni sem haldin var í skólanum.

Vorsýning skólans tókst mjög vel og vakti mikla hrifningu fjölda gesta. Teiknibrautin var með sýningu sína í módelsal skólans ásamt nemendum á listmálarabraut.











# TEXTÍLL

**Deildarstjóri: Ragna Fróðadóttir**

VORÖNN 2018: D HLUTI
**FRAMLEIÐSLA**

**D hluti** skiptist í 4 áfanga; Málstofu, þróun hugmynda, nýsköpun og stofnun fyrirtækja og sjálfstætt verkefni.

**Kennarar: Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, Hrafnkell Birgisson, Ingibjörg Hanna Pétursdóttir, Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Þórunn María Jónsdóttir, Magnea Einarsdóttir, Tanja Huld Leví Guðmundsdóttir og Ragna Fróðadóttir.**

**Leiðbeinendur við lokaverkefni og fyrirlesarar: Ragna Fróðadóttir, Magnea Einarsdóttir, Tanja Leví Guðmundsdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Haraldur Jónsson og Ásthildur Magnúsdóttir.**

Nemendur: Ellefu nemendur stunduðu nám á önninni og luku níu þeirra fullu tveggja ára námi en tveir nemendur sem höfðu áður lokið BA námi luku eins árs námi. Tveir nemendur fóru í framhaldinu í BA nám í Listaháskóla Íslands, annar í vöruhönnun og hinn í grafíska hönnun. Einn nemandi fór til Bournemouth í Englandi til að ljúka BA gráðu. Tveir nemendur fóru í verknám, annar á 3ja mánaða Erasmusstyrk til tveggja listakvenna í Finnlandi og hinn í hálfsárs nám til textílmeistarans **Jun Tomita** í Japan.

Áhersla er lögð á rannsóknar- og hugmyndavinnu og þróun hugmyndar til fullunninnar vöru. Áfangarnir þróun hugmynda og sjálfstætt verkefni miða að því að nemendur öðlist þjálfun í vinnuferli hönnunar, í hópum og sem einstaklingar, undir leiðsögn kennara í hugmyndavinnu og í tæknivinnu á verkstæði. Nemendur unnu verkefni í samstarfi við prjónastofuna Varma í Reykjavík. Leiðbeinendur voru **Hrafnkell Birgisson** og **Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir.** Árangur áfangans var sýndur á Hönnarmars, annarsvegar í Epal í Skeifunni og hinsvegar á samsýningu Icelandic Lamb í Tryggvagötu.

Í áfanganum nýsköpun og stofnun fyrirtækja vinna nemendur annars vegar á grundvelli liðsheildar með viðskiptahugmynd og hinsvegar vinnur hver og einn að gerð viðskiptaáætlunar fyrir persónulegt verkefni. Helsta viðfangsefnið er stefnumótun, markaðsmál, fjármál og lögfræði.

Málstofa er vettvangur fyrir fjölbreytta fræðilega umræðu um greinina en einnig er farið í vettvangsferðir á sýningar og söfn og fengnir fyrirlesarar. Markmiðið með D-önn er að ýta undir sjálfstæði nemenda og undirbúa þá fyrir framtíðarstarf sem textílhönnuðir og listamenn. Ennfremur að auka færni þeirra í greiningu eigin hugmynda, bæði í umræðu og skriflega.

Vorsýning skólans var haldinn í húsnæði skólans í JL Húsinu. Textíldeildin sýndi verk sín í matsalnum og eldhúsinu og nýttist sýningarrýmið vel.

Þrír fyrirlestrar voru haldnir í samvinnu við keramikbraut þar sem nemendur úr báðum brautum voru viðstaddir. **Fyrirlesarar voru Hrafnkell Birgisson, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir og Sigrún Unnarsdóttir. Eyrún Sigurðardóttir** hélt fyrirlestur um skapandi ferli sem opinn var öllum í skólanum. **Rósa Tolnov Clausen** gestakennari í textíldeild hélt opinn fyrirlestur um verk sín. **Anita Hirlekar** fjallaði um eigin hönnun og Ingunn **Fjóla Ingþórsdóttir** og **Gjörningaklúbburinn** fjölluðu um textíl í verkum sínum. **Hildur Hákonardóttir** hélt fyrirlestur um kljásteinavefstaðinn forna.

HAUSTÖNN 2018: A HLUTI
**Textíll í sögulegu samhengi.**
Deildarstjóri í afleysingum í september og október: **Magnea Einardóttir**

**A hluti** skiptist í alls níu áfanga. Hugmyndavinnu, textíl - tog og þel, vefnað, prjón, textílsögu, teikningu, listasögu, efnisfræði textíls og málstofu.

**Kennarar: Magnea Einarsdóttir, Ásthildur Magnúsdóttir, Þorgerður Hlöðversdóttir, Valur Brynjar Antonsson, Bethina Elverdam, Guðrún Lárusdóttir, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Margrét Blöndal og Ragna Fróðadóttir.**
**Fyrirlesarar; Helene Magnússon, Oddný Kristjánsdóttir, Christine Boland og Magnea Einarsdóttir.**

Nemendur: Tólf nemendur stunduðu nám á önninni en einn þeirra hóf ekki nám fyrr en um miðja önn af heilsufarsástæðum.

Þetta er fyrsta önnin þar sembyggt er á nýjum brautarlýsingum sem voru unnar 2017-18. Áhersla er lögð á grunnatriði. Nemendur læra að búa til band/þráð úr trefjum, kynnast helstu gerðum textíla og hvernig hægt er að efnisgreina þá, bæði að innihaldi og tækni. Nemendur læra tóvinnu, spuna, grunnatriði í prjóni, vefnað og jurtalitun úr íslenskum og erlendum jurtum. Farið var í námsferð norður í land, skoðuð söfn og nokkrar af þeim fáu verksmiðjum sem eru i landinu.

Textílsaga er nýjung á þessari önn en helstu atriði sem voru tekin fyrir voru: Fornir textílar, íslensk textílsaga, íslenski búningurinn, forvarsla, erlendir textílar - Asía, Indland, Japan, Afríka og Evrópa. Aðaláhersla var á að skoða helstu einkenni hvers svæðis og skoða hvernig textíllistin sprettur úr fornum sterkum hefðum. Samhliða tæknivinnu er farið í hugmyndavinnu og nemendur fá þjálfun í að setja vinnu sína fram á faglegan máta. Valur Í málstofu kynntust nemendur akademískum vinnubrögðum. Einnig voru fengnir fyrirlesarar og farið í vettvangsferðir. Listasöguna sátu nemendur með nemendum í keramikdeild og var fjallað um tímabilið frá miðri 19. öld og fram yfir seinni heimsstyrjöld og ljósi varpað á áhrif þessa tímabils á myndlist, hönnun og listhandverk dagsins í dag. Vikulega sóttu nemendur tíma í teikningu.

**Christine Boland** trend spámaður frá Hollandi hélt opinn fyrirlestur um framtíðarsýn, sjálfbærni og hönnunarhugsun. **Helene Magnússon** var gestur í málstofu í fjögur skipti þar sem hún kenndi rósaleppaprjón. **Oddný Kristjánsdóttir** tók á móti hópnum í Heimilisiðnaðarfélaginu og kynnti íslenska búninginn og íslensk textílmunstur. Nemendur sóttu heilsdagsráðstefnuna “MATERIAL” í Norrænahúsinu, þar sem m.a. var fjallað um nýjungar í textíl.

VORÖNN 2019: B HLUTI
**Mynsturgerð og hönnun**

**B hluti** skiptist í alls átta áfanga, sjónræna dagbók, hönnunarsögu, málstofu, meðferð lita í textílhönnun, prjón, munsturgerð og textílþrykk og -litun.

**Kennarar: Magnea Einarsdóttir, Valur Brynjar Antonsson, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Ásthildur Magnúsdóttir, Rosa Tolnov Clausen, Kiyoshi Yamamoto, Isabel Berglund, Laura Isomniemi, Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Ragna Fróðadóttir, Guðfinna Magnúsdóttir.**

**Fyrirlesarar; Rosa Tolnov Clausen, Kiyoshi Yamamoto, Isabel Berglund, Laura Isoniemi, Þórunn Árnadóttir, Baldur og Þórey frá And-Antimatter.**

Nemendur: Þrír nemendur hættu um áramót þannig að á B önn voru nemendur níu.

Áhersla var lögð á hönnunarvinnu í textíl, mynsturgerð og aðferðir til að útfæra mynstur. Þrykk og litun er stór þáttur á önninni sem og ferð til Bretlands sem er styrkt af Erasmus. Töluvert var um erlenda gestakennara en var ástæðan m.a. sú að í tengslum við HönnunarMars var haldin ráðstefna á vegum NTA, Norrænu textíl-samtakanna og tveir fyrirlesarar voru fengnir til að kenna. **Rosa Tolnov Clausen** kenndi litafræði, Laura Isoniemi kenndi skissuvinnu fyrir munsturgerð byggða á nýútgefinni bók sinni um munsturgerð og skissuvinnu en hún hélt einnig sérstakt námskeið fyrir kennara skólans. Kyoshi Yamamoto kenndi frjálsar þrykkaðferðir á silki og danska listakonan **Isabel Berglund** kenndi skapandi prjón.

Bretlandsferðin var farin á miðri önninni. Hún hófst í Glasgow, þaðan var farið til Edinborgar, Galashiels, Carlisle og London þar sem dvalið var í rúma viku og m.a. ferðast til Bournemouth, Farnham og Hampton Court. Alls voru 5 skólar heimsóttir. Allstaðar var tekið vel á móti hópnum og skólarnir kynntir vel. Boðið var upp á námskeið í fjórum af skólunum. Farið var á söfn og sýningar og var hápunkturinn viðamikil sýning um Dior á V&A sem og heimsókn í geymslur V&A þar sem við skoðuðum merkilegan íslenskan brúðarkjól frá lok 18. aldar sem er í eigu safnsins. Einnig fór hópurinn í nokkrar verksmiðjur. **Ásthildur Magnúsdóttir** fór með Rögnu í ferðina **Íris Ólöf** bættist við í London.

Nemendur tóku þátt í Hönnunarmars og skrifuðu greinargerð um sýningar og viðburði sem þeir sóttu, þ.á.m. áðurnefnda textílráðstefnu. Farið var í vettvangs-ferð í Hönnunarsafnið þar sem **Sigríður Sigurjónsdóttir** formaður safnsins tók á móti hópnum. Nemendur fengu fyrirlestur frá stúdíó dúóinu **And Anti Matter** og einnig fengu nemendur óvænt fyrirlestur frá **Þórunni Árnadóttur.** Einnig voru erlendir gestakennarar með fyrirlestra um sína vinnu á önninni.

ÁRSSKÝRSLA MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK 2018

## FJÖLDI NEMENDA - SAMANBURÐUR Á MILLI SKÓLAÁRA

| Fullt nám í dagskóla | 2018-19 | 2017-18 | 2016-17 | 2015-16 | 2014-15 |
|---|---|---|---|---|---|
| Listnámsbraut, fyrra ár | 18 | 18 | 17 | 15 | 16 |
| Listnámsbraut, síðara ár | 14 | 19 | 10 | 16 | 12 |
| Fornám | 32 | 32 | 31 | 34 | 41 |
| Nám fyrir nemendur með þroskahömlun | | | 12 | 12 | |
| Keramikbraut | 13 | 11 | 11 | 12 | 14 |
| Listmálarabraut | 14 | 10 | 10 | | |
| Teiknibraut | 15 | 15 | 16 | 15 | 16 |
| Textílbraut | 9 | 11 | 12 | 14 | 12 |
| | | | | | |
| Námskeið fyrir almenning | | | | | |
| 13 vikna námskeið | 442 | 534 | 570 | 454 | 493 |
| Styttri námskeið | 62 | 52 | | | |
| Samstarfsverkefni | | 32 | 52 | 26 | 40 |
| Endurmenntunar- og sumarnám-skeið | 23 | | 6 | 38 | 19 |
| Sérsniðin námskeið | 75 | | | | |
| | | | | | |
| Börn og unglingar | | | | | |
| 13 vikna námskeið | 471 | 479 | 496 | 436 | 392 |
| Sumarnámskeið | 280 | 213 | 275 | 194 | 167 |
| Leik- og grunnskóli/Skólabrú | | 75 | | | |
| Endurmenntunarnámskei9ð | 21 | 22 | | | |
| Leikskólastig | 166 | | 27 | 78 | 38 |
| Miðstig grunnskóla | 454 | | | | |
| Unglingastig grunnskóla | 121 | | | | |
| Erlend samstarfsverkefni | | | 84 | | 20 |

## NEMENDAFJÖLDI Á VORÖNN 2018

| **VORÖNN 2018** | nemendur | kennslustundir | kennarar | námskeið |
|---|---|---|---|---|
| **Fullt nám** | | | | |
| Listnámsbraut, fyrra ár | 18 | 592 | 15 | - |
| Listnámsbraut, seinna ár | 19 | 474 | 17 | - |
| Listnámsbraut, fornám | 32 | 752 | 17 | - |
| Keramik | 11 | 434 | 6 | - |
| Málaralist | 10 | 516 | 11 | - |
| Teikning | 15 | 527 | 11 | - |
| Textíll | 11 | 423 | 13 | - |
| | | | | |
| **Námskeið fyrir almenning** | | | | |
| Námskeið á framhaldsskólastigi | 305 | 1703 | 38 | 35 |
| | | | | |
| **Börn og ungt fólk** | | | | |
| Barna- og unglinganámskeið | 250 | 1075 | 22 | 31 |
| Leik-og grunnskólasamstarf-Skólabrú | 75 | 178 | 5 | 3 |
| Endurmenntunarnámskeið | 22 | 20 | 2 | 1 |
| Sérstyrkt verkefni | 102 | 97 | 7 | 7 |
| Sumarnámskeið | 213 | 540 | 13 | 26 |





## NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRIÐ 2018-19

| **HAUSTÖNN 2018** | nemendur | kennslustundir | kennarar | námskeið |
|---|---|---|---|---|
| **Fullt nám** | | | | |
| Listnámsbraut, fyrra ár | 18 | 664 | 17 | - |
| Listnámsbraut, seinna ár | 15 | 556 | 15 | - |
| Listnámsbraut, fornám | 32 | 1,102 | 22 | - |
| Keramik | 14 | 564 | 12 | - |
| Málaralist | 10 | 486 | 12 | - |
| Teikning | 16 | 745 | 17 | - |
| Textíll | 12 | 535 | 8 | - |
| | | | | |
| **Námskeið fyrir almenning** | | | | |
| Námskeið á framhaldsskólastigi | 251 | 1383 | 29 | 30 |
| | | | | |
| **Börn og ungt fólk** | | | | |
| Barna- og unglinganámskeið | 223 | 1021 | 20 | 29 |
| Endurmenntunarnámskeið | - | - | - | - |
| Sérstyrkt verkefni | - | - | - | - |
| | | | | |
| **VORÖNN 2019** | nemendur | kennslustundir | kennarar | námskeið |
| **Fullt nám** | | | | |
| Listnámsbraut, fyrra ár | 18 | 538 | 16 | - |
| Listnámsbraut, seinna ár | 14 | 526 | 14 | - |
| Listnámsbraut, fornám | 32 | 854 | 17 | - |
| Keramik | 13 | 507 | 10 | - |
| Málaralist | 14 | 568 | 11 | - |
| Teikning | 15 | 588 | 10 | - |
| Textíll | 9 | 589 | 14 | - |
| **Námskeið fyrir almenning** | | | | |
| Námskeið á framhaldsskólastigi | 376 | 1459 | 33 | 36 |
| | | | | |
| **Börn og ungt fólk** | | | | |
| Barna- og unglinganámskeið | 248 | 1065 | 21 | 32 |
| Endurmenntunarnámskeið | 21 | 9 | 2 | 1 |
| Sérstyrkt verkefni | 75 | 77 | 5 | 6 |
| Sumarnámskeið | 280 | 628 | 10 | 30 |

| **Leik-og grunnskólasamstarf 2018 - 2019** | nemendur | kennslustundir | kennarar | smiðjur |
|---|---|---|---|---|
| Leikskólasamstarf | 166 | 324 | 7 | 24 |
| Grunnskólasamstarf 4.bekkur | 454 | 675 | 8 | 50 |
| Grunnskólasamstarf 8.bekkur | 121 | 108 | 8 | 12 |

## BRAUTSKRÁNING 23. MAÍ 2019

**Nýstúdentar af listnámsbraut (13)**
Danival Heide Sævarsson
Emilía Rut Þórðardóttir
Emma Kristina Hjördís Aðalsteinsdóttir
Heiður Ævarsdóttir
Katrín Guðmunds Sigrúnardóttir
Lóa Sunnudóttir
María Johnson
Óðinn Páll Ríkharðsson
Pétur Þór Karlsson
Ragnheiður Íris Ólafsdóttir
Saga Sabrina Lárusdóttir
Þórey Nína Pétursdóttir
Þórunn Birna Guðmundsdóttir

**Fornám (30)**
Aníka Eiðsdóttir
Auður Ásta Brynjólfsdóttir
Áróra Bergsdóttir
Bjarki Páll Jónsson
Bjartur Örn Bachmann
Daníel Guðni Runólfsson
Egill Gylfason
Egill Uggason Wiium
Egle Sipaviciute
Einar Viðar Guðmundsson Thoroddsen
Guðrún Áslaug Óskarsdóttir
Hildur Friðriksdóttir
Hlökk Þrastardóttir
Jasmín Kristjánsdóttir
Jenný Hrund Hauksdóttir
Kamile Pikelyte
Katrín Eir Kjartansdóttir
Kolka Heimisdóttir
Marsibil Sól Þórarinsdóttir Blöndal
Mjöll Sigurdís Magnúsdóttir
Ragna Sól Evudóttir
Saga Líf Sigþórsdóttir
Salóme Bregt Hollanders
Silja Jónsdóttir
Stefanía Stefánsdóttir
Svandís Guðjónsdóttir
Una María Magnúsdóttir
Vala Steingrímsdóttir
Victoria Björk Ferrell
Ynja Blær Johnsdóttir

**Keramikbraut (3)**
Gunnhildur Rán Gunnarsdóttir
Hye Joung Park
Mika Aoki







## BRAUTSKRÁNING 24. MAÍ 2018

**Nýstúdentar af listnámsbraut (18)**
Agnes Líf Ingvadóttir
Arna Beth Saulsdóttir
Aron Bjarklind
Aron Freyr Kristjánsson
Björn Magnússon
Elísabet Stefánsdóttir
Guðbjörg Elín Góa Gunnarsdóttir
Gunnhildur Halla Ármannsdóttir
Helena Sivertsen
Helga Guðrún Þorbjörnsdóttir
Hrefna María Hallgrímsdóttir
Kristinn Arnar Sigurðsson
Kristín Björg I Sverrisdóttir
Maríanna Eva Dúfa Sævarsdóttir
Sigrún Karls Kristínardóttir
Védís Fríða Óskarsdóttir
Vilhjálmur Yngvi Hjálmarsson
Þórunn Dís Halldórsdóttir

**Fornám (30)**
Agnes Björt Andradóttir
Alfreð Hrafn Magnússon
Arnar Geir Gústafsson
Ásta Kristín Þórsdóttir
Baldvin Flóki Bjarnason
Berglind Rós Sigurðardóttir
Birna Sjöfn Pétursdóttir
Björg Amalía Hraunfjörð Ívarsdóttir
Camille Sidonie Kerker
Dögg Gísladóttir
Elísabet Kolbrá Úlfarsdóttir
Erla Ósk Daníelsdóttir
Erla Diljá Sæmundardóttir
Georg Jónasson
Gunnhildur Ýrr Gunnarsdóttir
Helena Ósk Óskarsdóttir
Hrafnhildur Erla Eiríksdóttir
Jogailé Plepyté
Kristrún Ásta Arnfinnsdóttir
Mio Storaasen Högnason
Óskar Ingimar Árnason
Rakel Gróa Gunnarsdóttir
Saga Guðnadóttir
Sandra Gunnarsdóttir
Sigurjón Hrafn Hrannarsson
Sindri Freyr Bjarnason
Sóley Ylja A. Bartsch
Styrmir Hrafn Daníelsson
Virág Rita Percze
Yrsa ÓskFinnbogadóttir

**Keramikbraut (6)**
Anna Gunnlaug Eggertsdóttir
Anna Erica Wallenius
Dagný Berglind Gísladóttir
Gréta Björgvinsdóttir
Sigrún Ella Magnúsdóttir
Sonja B. Guttesen Ágústsdóttir

**Listmálarabraut (10)**
Auðun Steinsen
Hildur Hanna Ásmundsdóttir
Jón Magnússon
Karen Björg Jóhannsdóttir
Kolbeinn Stígsson
Margrét Loftsdóttir
Sigrún Guðjónsdóttir
Sigrún Hanna Ómarsdóttir Löve
Svanhvít Sif Th Sigurðardóttir
Viktor Þór Viktorsson

**Teiknibraut (14)**
Anton Borosak
Bergrún Adda Pálsdóttir
Björn Heimir Önundarson
Blær Guðmundsdóttir
Catherine Kerrigan
Cécile Parcillié
Elín Helena Jóhannsdóttir
Elísabet Einarsdóttir
Elísabet Rún Þorsteinsdóttir
Hlín Hrannarsdóttir
Marta Eir Sigurðardóttir
Ragnar Blær Þorgeirsson
Sindri Már Grétarsson
Viðar Thanh Du Karlsson

**Textílbraut (11)**
Álfrún Pálmadóttir
Ása Bríet B Ingólfsdóttir
Guðbjörg Bjarnar Guðjónsdóttir
Guðrún Margrét Gunnsteinsdóttir
Magna Rún Rúnarsdóttir
Margrét Katrín Guttormsdóttir
Ragnheiður Stefánsdóttir
Sigríður Unnur Lúðvíksdóttir
Tinna Rún Davíðsdóttir Hemstock
Una Björk Jónsdóttir
Una Kristín Jónsdóttir

## STARFSFÓLK JANÚAR 2018 - JÚNÍ 2019

| | | |
|---|---|---|
| Skólastjóri | 100% | Áslaug Thorlacius |
| Bókasafn | 66% | Ragnhildur Blöndal - Hjördís Magnúsdóttir - Halla Kjartansdóttir - Karlotta Blöndal |
| Bókhald og fjármál | 100% | Björg Elín Pálsdóttir |
| Skrifstofa | 261% | Ína Salóme Hallgrímsdóttir -Margrét Birgisdóttir - Helga Björk Ottósdóttir |
| Erasmus | 30% | Sigurlína M Osuala |
| Námsráðgjöf | 20% | Anna Sigurðardóttir |
| Ræstingar | 200% | Krzysztof Kisielewski - Wieslawa Kisielewska |
| Umsjónarmaður húss og tækja | 92% | Sigurjón Gunnarsson |
| Almenn námskeið - deildarstjórn | 30% | Anna C Leplar |
| Barnadeild - deildarstjórn | 100% | Charlotta R Magnúsdóttir |
| Sjónlistadeild - deildarstjórn | 75% | Einar Garibaldi Eiríksson - Þórunn María Jónsdóttir |
| Keramik - deildarstjórn og verkstæðisumsjón | 90% | Sigurlína M Osuala - Þuríður Ósk Smáradóttir |
| Málaralist - deildarstjórn | 50% | Jón B K Ransu |
| Teikning - deildarstjórn | 50% | Anna Cynthia Leplar |
| Textíll - deildarstjórn | 50% | Ragna Fróðadóttir |
| Samtals | 1314% | |
| | | |
| Fastir starfsmenn | 18 | |
| Lausráðnir kennarar | 180 | |
| Heildarfjöldi starsfmanna | 198 | |




## FÉLAGATAL MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Andrea Fanney Jónsdóttir
Anna Cynthia Leplar
Anna Guðjónsdóttir
Anna Hallin
Anna Hrund Másdóttir
Anna Sigurðardóttir
Anna Þóra Karlsdóttir
Arnþrúður Ösp Karlsdóttir
Áslaug Thorlacius
Ásthildur Magnúsdóttir
Baldur Björnsson
Birgir Snæbjörn Birgisson
Bjarki Bragason
Bjarnheiður Jóhannsdóttir
Bjarni Hinriksson
Björg Elín Pálsdóttir
Björk Guðnadóttir
Björk Viggósdóttir
Borghildur Óskarsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Búi Kristjánsson
Charlotta R. Magnúsdóttir
Daði Guðbjörnsson
Einar Garibaldi Eiríksson
Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Elsa Dóróthea Gísladóttir
Elva Hreiðarsdóttir
Erla Stefánsdóttir
Erling Klingenberg
Eygló Harðardóttir
Finnur Arnar Arnarson
Frímann Kjerúlf
Gerður Leifsdóttir
Guðbjörg Björnsdóttir
Guðbjörg Káradóttir
Guðjón B. Ketilsson
Guðný M. Magnúsdóttir
Guðný Rúnarsdóttir
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Hannesdóttir
Guðrún Vera Hjartardóttir
Guja Dögg Hauksdóttir
Gunnar Einarsson
Hafdís Helgadóttir
Halldór Baldursson
Halldóra Ingimarsdóttir
Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari
Hanna Dís Whitehead
Haraldur Jónsson
Heiðar Kári Rannversson
Helga Björk Ottósdóttir
Helga Pálína Brynjólfsdóttir
Helgi Gíslason
Herdís Ellen Gunnarsdóttir
Herdís Tómasdóttir
Hildigunnur Birgisdóttir
Hildur Bjarnadóttir
hildur Steinþórsdóttir
Hildur Ýr Jónsdóttir
Hlíf Ásgrímsdóttir
Hrafnkell Birgisson
Hrönn Magnúsdóttir
Inga Þórey Jóhannsdóttir
Ingibjörg Böðvarsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingólfur Arnarsson
Ína Salóme Hallgrímsdóttir
Jóhann Torfason
Jón Axel Björnsson
Jón Bergmann Kjartansson Ransú
Jón Proppé
Kari Ósk Grétudóttir
Karl Jóhann Jónsson
Karlotta Blöndal
Kolbeinn Hugi Höskuldsson
Kolbrún S. Kjarval
Kristinn Guðbrandur Harðarson
Kristinn Helgason
Kristín Gunnlaugsdóttir
Kristín Hauksdóttir
Kristín Ísleifsdóttir
Kristín Ragna Gunnarsdóttir
Kristín Reynisdóttir
Kristján Steingrímur Jónsson
Kristrún Thors
Krzysztof Kisielewski
Lísa Guðjónsdóttir
Louise Harris
Magnea Einarsdóttir
Magnús Gestsson
Margrét Birgisdóttir
Margrét Friðbergsdóttir
Margrét H. Blöndal
Margrét Norðdahl
Margrét Zophoníasdóttir
Ólöf Erla Bjarnadóttir
Ólöf Nordal
Ósk Vilhjálmsdóttir
Páll Thayer
Ragna Fróðadóttir
Ragnheiður Gestsdóttir
Ragnheiður Gestsdóttir
Ragnhildur Blöndal
Ragnhildur Stefánsdóttir
Shauna Laurel Jones
Sigríður Björg Sigurðardóttir
Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Sigríður Helga Hauksdóttir
Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigrún Ólöf Einarsdóttir
Sigtryggur Bjarni Baldvinsson
Sigurður Guðmundsson
Sigurður Þórir
Sigurjón Gunnarsson
Sigurlaug Lövdahl
Sigurlína Margrét Osuala
Sólveig Aðalsteinsdóttir
Svafa Einarsdóttir
Svanborg Matthíasdóttir
Tinna Gunnarsdóttir
Unnar Örn Jónasson
Valgarður Gunnarsson
Valgerður Bergsdóttir
Vigfús Birgisson
Vilhjálmur Þorsteinsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Þorri Hringsson
Þóra Sigurðardóttir
Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir
Þórunn Maggý Kristjánsdóttir
Þórunn María Jónsdóttir
Þuríður Ósk Smáradóttir.


MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK